



Trassaskapur lögmanna

Innlent 2

Stjórn Lögmannafélagsins lagði fram kærur gegn 14 lögmönnum sem veittu ekki upplýsingar um fjárvörslureikninga í þeirra umsjá.



Ólögleg vara á íslenskum markaði

Innlent 4

Þrátt fyrir að mörg þeirra smálána sem bjóðast á Íslandi séu ólögleg er ekkert gert til að koma böndum á starfsemina.



Ráðuneyti Framsóknarflokksins

Fréttaskýring 6

Framsóknarflokkurinn hefur stýrt félagsmálaráðuneytinu um árabíl. Fjölmarginir aðilar tengdir flokknum gegna störfum fyrir ráðuneytið.



Dúndrandi poppsmellur frá Vök

Albumm 36

Nýjasta plata Vakar er poppaðri en fyrirrennari hennar. Strembinn Evróputúr er að baki og framundan er tónleikahald á Íslandi.

MANNLÍF

Fréttir / Hönnun / D / Heimurinn



V Vidtalið / Kristinn Þór Sigurjónsson

Aetla ekki að hrynjja aftur

Kristinn Þór Sigurjónsson er ekill og fjögurra barna faðir eftir að eiginkona hans, Ingveldur Geirsdóttir, lést úr krabbameini. Líf hans hrundi eftir langa og erfiða forræðisdeilu en þá reynslu nýtir hann til að vera til staðar fyrir börnin og hann sjálfan.



BIRTINGUR EHF
Útgáfufélag - Síðumúla 28, 108 Reykjavík
s: 515 5500

Útgefandi og ábyrgðarmaður:
Halldór Kristmannsson

Framkvæmdastjóri:
Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir

Markaðsfulltrúar: Bjarni Þór Jónsson,
Garðar Ingi Leifsson og Ásgeir Aron Ásgeirsson

Umbrot og hönnun: Ivan Burkni

Útgáfustjóri Mannlífs: Roald Viðar Eyvindsson

Aðstoðarútgáfustjóri Mannlífs:
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Umsjónarmenn:

Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir,
Steingerður Steinarsdóttir

Kjarninn: Þórður Snær Júlíusson

Forsíða Mannlífs: Hallur Karlsson


Auglýsingar: auglysingar@birtingur.is

Prentun: Landsprent

Dreifing: Póstdreifing



Hádegismóum 2, 110 Reykjavík | sími 569 1100
landsprent.is



Roald Viðar Eyvindsson
Útgáfustjóri



Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
Aðstoðarútgáfustjóri



Magnús Geir Eyjólfsson
Fréttastjóri



Guðný Hrónn Antonsdóttir
Vefstjóri Mannlífs



Egill Páll Egilsson
Bláamaður



Magnús Guðmundsson
Bláamaður



Hanna Ingibjörg
Arnarsdóttir



Hákon Davíð Björnsson
Virfjósmyndari



Steingerður
Steinarsdóttir

BLAÐAMENN

Bergþóra Jónsdóttir,
María Erla Kjartansdóttir, Folda Guðlaugsdóttir,
Guðrún Óla Jónsdóttir, Sigríður Elín Ásmundsdóttir,
Sigrún Guðjónsen, Steinar Fjeldsted

LJÓSMYNDARAR

Hallur Karlsson,
Unnur Magna

PRÓFÖRK

Guðný Þórarinsdóttir, Guðrjúður Haraldsdóttir, Ragnheiður Linnét

LUMAR ÞÚ Á FRÉTT?
Sendu ábendingu á
ritstjorn@mannelif.is.



Innlent
LÖGMENN

Trassaskapur en ekki fjárdráttur

Reglulega koma upp tilvik þar sem sjálfstætt starfandi lögmenn trassa að veita upplýsingar um stöðu fjárvörslureikninga í þeirra umsjá. Slíkt getur kostað lögmenn tímabundna niðurfellingu málfutningsréttinda og í alvarlegustu tilfellum sviptingu lögmennsréttinda.

Fjárvörslureikninginum er ætlað að varðveita fjármuni skjólstæðinga lögmanna og um þá gilda sérstakar reglur. Innistæður á þessum reikningum eru til að mynda ekki aðfararhæfar, þannig að ef lögmennsstofa verður gjaldþrota er ekki hægt að ganga að þeim fjármunum sem þar liggja. Markmiðið er að vernda fjármuni skjólstæðinga og tryggja að þeir blandist ekki fjármunum í rekstri lögmennsstofa. Allur gangur er á því hversu miklir fjármunir renna í gegnum þessa reikninga. Hjá sumum lögmönnum er um talsverðar upphæðir að ræða á meðan aðrir nota þá lítið sem ekkert. Þessir reikningar eru til dæmis notaðir þegar skjólstæðingar fá greiddar tryggingabætur, við uppgjör á dánarbúum eða við kaup eða yfirtöku á fyrirtækjum eða fasteignum.

Strangt eftirlit er með þessum reikningum og er það í höndum Lögmannafélags Íslands. Sjálfstætt starfandi lögmönnum er skylt að senda félaginu fjárvörslufyrirlysingu fyrir 1. október hvers árs auk þess sem Lögmannafélagið getur falið trúnaðarendurskoðanda félagsins að kalla eftir upplýsingum frá fjármálastofnunum um meðhöndlun reikinganna.

Í nýjasta tölublaði Lögmannablaðsins er vakin athygli á því að töluverður misbrestur er á því að lögmenn skili inn fjárvörslufyrirlysingu innan lögbundins frests. Samkvæmt upplýsingum frá Lögmannafélagi Íslands var stjórn félagsins tilneydd til að krefjast niðurfellingar málfutningsréttinda fimm lögmanna vegna vanrækslu þeirra á skilum yfirlýsingar innan þeirra tíma-marka sem ákveðin eru í lögum um lögmenn. Af þeim skiluðu þó þrír lögmenn inn fullnægjandi yfirlýsingu undir rekstri málanna fyrir embætti sýslumannsins á Norðurlandi eystra og kom því aðeins til niðurfellingar málfutningsréttinda tveggja lögmanna.

14 kærur í fyrra

Í framhaldi af þessari niðurstöðu lagði stjórn Lögmannafélagsins fram kærur á hendur 14 lögmönnum til úrskurðarnefndar lögmanna. Í mars síðastliðnum kvað úrskurðarnefndin upp úrskurði í þessum málum, þar sem þremur lögmönnum var veitt áminning vegna vanrækslu á skilum yfirlýsingar og fyrir að bregðast ekki við erindi nefndarinnar, auk þess sem fundið var að störfum 11 lögmanna fyrir að skila félaginu ekki fjárvörslufyrirlysingu innan lögbodins frests.

Eitt tilvik er metið sérstaklega alvarlegt en í úrskurðarorði segir að viðkomandi lögmaður hafi „sýnt af sér hegðun sem telja verður verulega ámælisverða auk þess sem hún er með öllu ósamboðin lögmennastéttinni.“ Úrskurðarnefndinni þóttu brot lögmennsins svo stórfelld að hún lét sér ekki nægja að veita áminningu heldur mun hún taka til skoðunar hvort lagt verði til við sýslumann að viðkomandi lögmaður verði sviptur lögmennsréttindum.

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri Lögmannafélagsins, segir að í flestum tilfellum sé um trassaskap lögmanna að ræða. Árlega sé á þriðja tug mála vísað til embættis sýslumannsins á Norðurlandi eystra sem hefur með leyfismál lögmanna að gera en fæstum þessara mála ljúki þó með niðurfellingu málfutningsréttinda, þótt slíkt gerist reglulega. „Oftast eru gerðar úrbætur undir rekstri málanna. Gríðarlegt aðhald felst hins vegar í eftirliti félagsins gagnvart lögmönnum enda eru starfsréttindi og eftir atvikum lífsviðurværi þeirra undir.“

Aðspurður hvort í alvarlegustu tilvikunum leiki grunur á að viðkomandi lögmenn hafi ráðstafað fjármunum í eigin þágu segir Ingimar svo ekki vera. Rekur hann minni til þess að eitt slíkt mál hafi komið upp fyrir rúmum áratug. Var viðkomandi lögmaður dæmdur fyrir fjárdrátt og hann sviptur lögmennsréttindum sem hann hefur ekki fengið útgefn að nýju.

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri
Lögmannafélagsins.





Nýtt blað
komið út
Sjá husa.is



HITABYLGJA

Í HÚSASMÍÐJUNNI & BLÓMAVALI



20-30%

afsláttur


Birt með fyrirvara um innsláttar- og prentvillur. Afsláttur gildir ekki af tilboðsvörum.

Sumarblóm **-20-30%** • Pallaolía **-20%** • Black+Decker garðverkfæri **-20%**
Tré og runnar **-20%** • Texas sláttuvélar **-25%** • Reiðhjól **-20%**
Fiskars garðverkfæri **-20%** • Nilfisk háprýstidælur **-20-30%**
LADY innimálning **-25%** • Claber slöngur og garðvörur **-25-30%**
Avasco hillurekkar **-20%** • ALKO sláttuvélar **-20%** • Jumbo tröppur og stigar **-20%**
TAX FREE af öllu pallaefni ... auk **hundruð** annarra sumartilboða



Innlent

SMÁLÁN



Kynslóðaskipti skuldara

Umboðsmanni skuldara hefur nú borist **7.781** umsókn um greiðsluáðlögun einstaklinga frá stofnun embættisins. Þann 1. júní sl. voru umsóknirnar orðnar **227** það sem af er þessu ári.

Á síðasta ári voru **79%** umsækjenda um greiðsluáðlögun hjá Umboðsmanni skuldara í aldursflokknum 18-29 ára með skyndilán. Slik lán voru **22%** af heildarskuldum umsækjenda á sama aldursbili.

Árið 2012 voru 18-29 ára umsækjendur um greiðsluáðlögun aðeins **5%** af heildarfjölda umsækjenda. Árið 2018 var hlutfall þessa hóps komið upp í **27,3%**. Ef aldursbilið 30-39 ára er tekið með þá er hlutfallið komið í **57,4%**.

Árið 2012 var heildarföldi umsækjenda með skyndilán **6%**. Á síðasta ári var hlutfallið komið í **57%**.

Smálánafyrirtæki komast upp með að bjóða ólöglega vöru

Fátt um svör frá stjórnvöldum

Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, gagnrýnir aðgerðaleysi gegn smálánafyrirtækjum í leiðaragrein í Neytendablaðinu sem er nýkomið út. Þar furðar hún sig á því að þrátt fyrir að lög hafi verið sett árið 2013 sem tryggja eiga að kostnaður vegna neytendalána fari ekki yfir ákveðin viðmið.

Nú þegar hafa tveir dómur fallið gegn smálánafyrirtæki í héraðsdómi Reykjavíkur sem staðfesta ólögmetan lánakostnað, öðru málinu hefur verið áfrýjað til Landsréttar. Lántakar smálána sem bera ólöglega vexti samkvæmt dóminum hafa sumir hverjir lent á vanskilaskrá og kallar Brynhildur eftir svörum við því hvernig vanskil af ólöglegum lánum geti leitt til vanskilaskráningar. Þá bendir hún á að Neytendasamtökin hafi ítrekað reynt að fá svör við því hvort dagsektir sem lagðar hafi verið á smálánafyrirtæki hafi verið greiddar og skilað sér í ríkissjóð.

„Fyrirtæki sem svífast einskis hafa allt of lengi komist upp með að herja á fólk sem oft má sín lítils.

Það er ólíðandi og löngu tímabært að stjórnvöld geri það sem þarf til að tryggja öfluga neytendavernd á lánamarkaði,“ skrifar Brynhildur.

Spyr hvort dagsektir séu ógreiddar?

Að sögn Brynhildar hefur Neytendastofa þegar lagt dagsektir á fyrirtæki sem hafa lagt ólöglega okurvexti á smálán en hún kallar eftir upplýsingum um hvort þessar dagsektir hafi verið greiddar. Neytendasamtökin hafa frá því á síðasta ári reynt að fá svör við því hvort ríkissjóður hafi fengið þessa peninga. Á þessu ári sendu samtökin fyrirspurn um þetta á fjársýslu ríkisins en engin svör hafa borist.

Neytendur eiga endurkröfurétt

Neytendasamtökin hvetja lántakendur smálána til að fylgjast vel með hvaða upphæðir lánveitandinn tekur út af reikningum þeirra. Í sumum tilfellum geti viðkomandi átt endurkröfurétt en fólk getur kvartað við viðskiptabanka sinn eða kortafyrirtæki. Slíkar kvartanir fari í sama ferli og þegar óprúttir aðilar steli kortaupplýsingum einstaklinga. „Það er eitt mál sem við erum að skoða þar sem töluvert margir tíu og tuttugu þúsundkallar höfðu verið teknir að láni og viðkomandi alltaf staðið í skilum. Svo fórum við að reikna út vaxtakostnað og bárum það saman við hæstu löglegu vexti og þá komumst við að því að lántakandinn ætti inni hjá fyrirtækinu hundruð þúsunda,“ segir Brynhildur.

„Algjörlega óskiljanlegt“

Neytendasamtökin fá tugi mála á borð til sín vikulega vegna smálánafyrirtækja þar sem Almenn innheimta sér um innheimtu. Vaxtakostnaður lánanna er ekki í samræmi við íslensk lög og innheimtufyrirtækið hefur ekki svarað ítrekuðum fyrirspurnum Neytendasamtakanna.



„Við sjáum mál þar sem fólk hefur misst vinnuna, máki er öryrki, einstaklingar sem eru á leigumarkaði og annað slíkt sem setur fólk í viðkvæma stöðu. Í mörgum tilfellum er þetta fólk í algjörrri óvæntingu þegar það byrjar að taka þessi lán,“ segir Brynhildur.

Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, segir í samtali við Mannlíf að smálánafyrirtækin skýli sér á bak við erlenda starfsemi í Danmörku en það breyti engu í lagalegu tilliti. „Við höfum sent fyrirspurnir á eftirlitsstofnanir í Danmörku og á þeim svörum sem við höfum fengið má skilja að þær telji að málin heyrir ekki undir sig,“ útskýrir hún. Í skýrslu sem starfshópur á vegum Atvinnuvegaráðuneytisins skilaði af sér í febrúar kemur skýrt fram að þeim sem lána í íslenskum krónum til íslenskra lántaka beri að lúta íslenskum lögum.

Brynhildur segir að það sé vissulega jákvætt að hér á landi sé lögbundið hámark á vexti ólíkt Danmörku þar sem svo er ekki. Það þurfi hins vegar að vera hægt að framfylgja þessum lögum. „Okkur finnst þessi ólögmetna starfsemi hafa



„Við fáum erfíð mál sem maður tekur virkilega inn á sig og við erum hreinlega að verða brjáluð á að horfa upp á framgöngu þessara fyrirtækja og innheimtuaðilans og afleiðingar þessa.“

fengið að viðgangast allt of lengi þessum mikilvægu lögum verður að vera hægt að framfylgja en reynslan sýnir okkur að það er ekki raunin. Þrátt fyrir ótal úrskurði eftirlitsstofnana og niðurstöðu dómstóla um ólögmeti lánanna heldur starfsemin bara áfram. Það er óásættanlegt. Neytendur eiga að geta treyst því að ólögmet

Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna.

starfsemi á neytendamarkaði sé stöðvuð og stjórnvöld hverju sinni verða að tryggja að það sé gert.

Brynhildur segir aðspurð að á borð samtakanna komi hræðileg mál þar sem smálánin spili stórt hlutverk. „Við sjáum alveg ömurleg mál þar sem fólk í viðkvæmri stöðu tekur smálán í óvæntingu. Oft er um að ræða ungt fólk, fólk sem er á leigumarkaði, hefur misst vinnuna eða er á örorkubótum. Lántakan vindur upp á sig þegar fólk þarf jafnvel að taka annað lán til að borga af fyrri lánum því vaxtakostnaður er náttúrulega í veldisvexti. Þannig að við fáum erfíð mál sem við tökum inn á okkur og við erum hreinlega að verða brjáluð á að horfa upp á framgöngu þessara fyrirtækja og innheimtuaðilans sem komast upp með þetta.“

Þá bendir hún á að samtökin hafi sérstaklega skoðað hvort heimilt sé taka út af reikningnum eða

kortum lántakenda fyrir skuldinni en hingað til hafi svör verið óljós og hver vísað á annan. „Þessi skuldfærslumál eru bara enn einn angi smálánafargansins. Fólk hefur lent í því að um leið og það fær útborgað eru launin skuldfærð. Í einu dæmi sem við vitum um átti viðkomandi ekki fyrir leigunni. Við eigum enn eftir að sjá að fyrir þessum skuldfærslum sé skýr skuldfærsluheimild. Við höfum auk þess kallað eftir því að Fjármálaeftirlitið skoði þessar skuldfærslur.“

Að sama skapi er erfitt að fá sundurliðaðar upplýsingar um skuldina þegar hún er komin í innheimtu, hver sé upphaflega skuldin, hvað sé búið að greiða inn á hana og svo framvegis. Þá er ólöglegi vaxtakostnaðurinn gjarnan innifalinn í höfuðstóli.

Er viljandi verið að gera ferlið eins óskýrt og mögulegt er fyrir lántakandann?

„Já, það er tilfinningin. En ég veit s.s. ekki hvar í ferlinu smálánafyrirtækin enda og hvar Almenn innheimta tekur við en innheimtufyrirtækið vísar flestum fyrirspurnum á smálánafyrirtækið sem er komið með danskt netfang. Þetta er algjörlega óskiljanlegt, að fyrirtæki sem er með ólöglega vöru á íslenskum neytendamarkaði fái að halda úti starfsemi eins og ekkert sé,“ segir Brynhildur og bætir við að vissulega hafi þó eitthvað verið gert. „Neytendastofa hefur úrskurðað um ólögmetan vaxtakostnað og lagt dagsektir á fyrirtækin. Tvö dómsmál hafa staðfest þá niðurstöðu



en nú hafa smálánafyrirtækin áfrýjað seinna málinu, líklega til að kaupa sér tíma.“

UMSÓKNUM FJÖLGAR VEGNA SMÁ- OG SKYNDILÁNA

Í maí sl. bárust embætti Umboðsmanns skuldara (UMS) alls 90 umsóknir um úrræði vegna fjárhagsvanda. Þar af eru 38 umsóknir um greiðsluáðlögun, 35 umsóknir um ráðgjöf og 17 umsóknir um fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar.

Það sem af er ári eru umsóknirnar orðnar 545 samkvæmt minnisblaði embættisins frá 1. júní. Samkvæmt upplýsingum sem Mannlíf bárust frá UMS er stór hluti skjólstæðinga í greiðsluvanda, vegna skyndi- og smálána almennt en tekið var fram að



ekki væri búið að greina hversu mörg þeirra lána beri ólögmetna vexti. Skyndilán eða svokölluð „kaupa núna, borga seinna“ greiðsluleið er þjónusta sem hefur færst mjög í vöxt undanfarin ár en UMS skilgreinir lán sem hægt er að taka á Netinu eða í appi í símanum á skjótan hátt sem skyndilán. Embættið bendir á að oft sé þessi þjónusta auglýst sem kostnaðarlaus fyrir viðskiptavini eða vaxtalaus en að skilmálar séu ólíkir eftir þjónustuaðilum. Kostnaður geti hins vegar hlaðist upp geti

viðskiptavinur ekki greitt á umömdum tíma. Einstaklingar sem leitað hafa eftir aðstoð hafa margir hverjir verið komnir í alvarlegan vanda á mjög stuttum tíma.

Eitt af hlutverkum Umboðsmanns skuldara er að gæta hagsmuna skuldara þegar við á og taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds. Frá 1. ágúst 2010 hefur Umboðsmanni skuldara borist 3.880 erindi, þar af voru fjögur erindi stofnuð í maí á þessu ári.

Ford

ECOSPORT



DUGLEGUR HÁSETI!

Við köllum Ford EcoSport hásetann vegna þess hversu hátt þú situr í honum, þar af leiðandi er hann sérlega þægilegur í allri umgengni. Hann hefur þar að auki mikla veghæð sem kemur sér vel í snjó og við aðrar erfiðar aðstæður.

Ford EcoSport Titanium S er sérlega vel búinn m.a. leðuráklæði á sætum, 17" álfelgum, Xenon aðalljósum, 8" snertiskjá, tölvustýrðri loftkælingu, 7 hátölurum, bakkmyndavél, SYNC3 hljómtækjum með raddstýringu og neyðarhringingu, ESP stöðugleikakerfi með spólvörn, leðurklætt fjölstillanlegt stýri, Apple CarPlay og Android Auto.

AWD

Ford EcoSport fæst nú með fjórhjóladrifi

FORD ECOSPORT TITANIUM S FWD
125 hö, bensín og sjálfskiptur

VERÐ:

3.890.000 KR.

Ford tekur þig lengra!

Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford EcoSport



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söluæildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



ford.is



kjarninn

FRÉTTASKÝRING

Ráðuneyti framsóknarmanna

Framsóknarmenn hafa setið í ráðherrastól félagsmálaráðuneytisins í samantekt sáttmála frá árinu 1995. Í dag gegna framsóknarmenn margvíslegum störfum fyrir ráðuneytið en tæplega þriðjungur nefnda, faghópa og ráða á vegum félagsmálaráðuneytisins eru skipuð formönnum með tengsl við Framsóknarflokkinn. Sex formenn stjórna stofnana og sjóða á vegum ráðuneytisins tengjast einnig flokknum.

Félagsmálaráðuneytið hefur alltaf fallið framsóknarmönnum í skaut þegar þeir hafa tekið þátt í ríkisstjórn frá árinu 1995.

Framsóknarmenn hafa samtals stýrt ráðuneytinu í um 17 ár á síðustu 24 árum. Sex ráðherrar úr röðum Framsóknar hafa gegnt embætti félagsmálaráðherra á þessu tímabili, þar á meðal núverandi félags- og barnamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason.

Á vegum félagsmálaráðuneytisins störfuðu í maí síðastliðnum 70 nefndir, stjórnir og ráð. Af þeim eru 21 skipuð formönnum með tengsl við Framsóknarflokkinn. Af þeim skipaði Ásmundur Einar nú formenn. Forveri hans Eygló Harðardóttir, sem gegndi embætti félagsmálaráðherra á árunum 2013 til 2017, skipaði hina tólf formennina.

Frá því Ásmundur Einar tók við embættinu hefur hann skipað formenn þriggja stjórna á vegum félagsmálaráðuneytisins með tengsl við Framsóknarflokksins ásamt því að skipa aðstoðarmann sinn formann Tryggingastofnunar ríkisins. Þá hefur Ásmundur Einar verið gagnrýndur fyrir að skipa í þrjár stöður innan félagsmálaráðuneytisins án þess að auglýsa stöðurnar, þar á meðal stöðu ráðuneytisstjóra.

Gissur Pétursson skipaður ráðuneytisstjóri

Ásmundur Einar var fyrst kjörinn á þing fyrir Vinstri hreyfinguna grænt framboð árið 2009 en hann sagði sig úr þingflokki Vinstri grænna í apríl 2011. Hann gekk síðan til liðs við Framsóknarflokkinn í júní 2011 og árið 2017 var hann skipaður félags- og jafnréttismálaráðherra í núverandi ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur.

Í september 2018 tilkynnti stjórnarráðið að velferðaráðuneytinu yrði skipt upp í félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti. Jafnréttismál færðust yfir á ábyrgð forsætisráðuneytis og málefni mannvirkja færðust úr umhverfisráðuneyti í félagsmálaráðuneyti. Samkvæmt stjórnarráðinu var markmiðið með þessum breytingum að skýra verkaskiptingu, skerpa pólitíska forystu og skapa aukin sóknarfæri í málaflokkum sem ríkisstjórnin hefur í forgangi.

”

„Á vegum félagsmálaráðuneytisins störfuðu í maí síðastliðnum 70 nefndir, stjórnir og ráð. Af þeim eru 21 skipuð formönnum með tengsl við Framsóknarflokkinn.“

Félagsmálaráðuneytið tók síðan til starfa 1. janúar 2019 og fer félags- og barnamálaráðherra, Ásmundur Einar, með yfirstjórn ráðuneytisins og ber ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum þess. Verkefni félagsmálaráðuneytisins varða félags- og fjölskyldumál, lífeyrstryggingar almannatrygginga, húsnæðismál, vinnumál, mannvirki og undir ráðuneytið heyrir úrskurðarnefnd velferðarmála.

Ásmundur Einar skipaði í desember síðastliðnum í þrjú ný embætti innan ráðuneytisins; embætti ráðuneytisstjóra, embætti skrifstofu fjárlaga og embætti forstjóra Vinnueftirlits ríkisins. Í tilkynningunni var greint frá því að einstaklingarnir sem í hlut ættu væru allir starfandi embættismenn en urðu við ósk ráðherra um að taka að sér framangreindar stöður á grundvelli heimildar um flutning embættismanna í starfi í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Þar á meðal var Gissur Pétursson en hann var skipaður ráðuneytisstjóri hins nýja félagsmálaráðuneytis. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra. Gissur var áður forstjóri Vinnuálastofnunar, allt frá því að stofnunin var sett á fót árið 1997. Áður veitti hann um skeið forstöðu skrifstofu vinnumála í félagsmálaráðuneytinu og árin 1986 til 1996 starfaði hann sem sérfræðingur í sjávarútvegsráðuneytinu. Gissur er með BA-gráðu í stjórnfræði og meistaraáráðu



Wizar

Fyrir lífsins ljúfu stundir.



Hægindastóllinn

sem slegið hefur í gegn.

Verð frá 199.900

Litir 

Efni: Leður/tau

360° snúningur | Innbyggður fótaskemill
Hallanlegt bak | Stillanlegur höfuðpúði

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri | Sími 462 3504


FYRIR HEIMILIÐ



kjarninn

FRÉTTASKÝRING

Í opinberri stjórnýsly frá Háskóla Íslands. Gissur var formaður Sambands ungra framsóknarmanna á árunum 1986 til 1990 og fulltrúi Framsóknar í útvarpsráði árið 1997.

Gagnrýna að stöðurnar voru ekki auglýstar

Í kjölfarið sendi Bandalag háskólamanna, BHM, frá sér yfirlýsingu þar sem gagnrýnt var að Ásmundur Einar hefði ekki auglýst ofangreindar þrjár embættisstöður lausar til umsóknar. Í yfirlýsingu frá BHM segir að ráðherra hafi nýtt sér heimild í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem segir að stjórnvald, sem skipað hefur mann í embætti, geti flutt hann í annað embætti sem undir stjórnvaldið heyrir og þurfi þá ekki að auglýsa það.

Bandalagið benti hins vegar á að auglýsingaskylda sé meginregla við ráðningar í störfum hjá ríkinu. „Auglýsingaskylda er í samræmi við þá skyldu sem hvílir almennt á stjórnvöldum að gæta jafnræðis milli borgaranna og stuðla að því að ríkið hafi ávallt á að skipa sem hæfustu starfsfólki,“ segir í yfirlýsingu. Jafnframt segir þar að þótt að tiltekna undantekningar frá auglýsingaskyldu geti átt rétt á sér í sérstökum tilvikum þá telji bandalagið að of langt hafi verið gengið í því að lögfesta slíkar undantekningar á síðustu árum á kostnað gagnsærrar stjórnýsly.

Í yfirlýsingunni segir að Bandalag háskólamanna geri kröfu til stjórnvalda um vandaða stjórnýsly-

hætti við ráðningar í störf. „Þrátt fyrir að lög heimili annað þá eru það vandaðir stjórnýsluhættir að auglýsa þegar til stendur að ráðstafa takmörkuðum gæðum, sem fyrirsjáanlegt er að færri geta fengið en vilja.“



Eygla Harðardóttir, fyrrverandi félags- og húsnæðismálaráðherra, sést hér ganga við hlið Sigurðar Inga Jóhannssonar, samgöngu- og sveitarstjórnaradhera. Mynd/Birgir Þór Harðarson.



Þrátt fyrir að lög heimili annað þá eru það vandaðir stjórnýsluhættir að auglýsa þegar til stendur að ráðstafa takmörkuðum gæðum, sem fyrirsjáanlegt er að færri geta fengið en vilja.“

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra. Mynd/Bára Hulð Beck.

Með auglýsingu er öllum sem áhuga hafa og uppfylla skilyrði gefið tækifæri á að sækja um. Að mati bandalagsins brjóta rúmar undantekningar heimildir við auglýsingar á lausum störfum hjá hinu opinbera í bága við jafnræðisreglur stjórnýsluréttar ásamt því að draga úr gagnsæi í stjórnýslunni.

Ásmundur Einar skipar í stjórnir

Félagsmálaráðherra ber samkvæmt lögum að skipa stjórn Tryggingarstofnunar ríkisins. Ráðherra skipar fimm menn í stjórn og skal einn skipaður formaður stjórnar og annar varaformaður, skipaðir skulu jafnmargir menn til vara. Ásmundur Einar skipaði Arnar Þór Sævarsson sem formann stjórnar Tryggingarstofnunar ríkisins í maí í fyrra. Arnar Þór er aðstoðarmaður Ásmundar Einars. Arnar er lögfræðingur að mennt og var sveitarstjóri á Blönduósi áður en hann gekk til liðs við Ásmund Einar í velferðarráðuneytinu í janúar á síðasta ári. Arnar var áður aðstoðarmaður Jóns Sigurðssonar, fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins, þegar hann var iðnaðar- og viðskiptamálaráðherra á árunum 2006 til 2007.

Félagsmálaráðherra skipar einnig stjórn Vinnu- málastofnunar til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar án tilnefningar tvo aðalmenn í stjórnina, formann og varaformann. Ásmundur Einar skipaði Ingvar Mát Jónsson sem formann stjórnar Vinnu- málastofnunar. Ingvar Mát Jónsson er fyrrverandi varaborgarfulltrúi en hann leiddi lista flokksins í Reykjavík í borgarstjórnarkosningum í fyrra.

Ásmundur Einar skipaði jafnframt nýjan formann stjórnar Íbúðalánasjóðs í byrjun árs 2018. Hann skipaði Hauk Ingibergsson en Eygló Harðardóttir, þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra, skipaði hann í stjórn sjóðsins árið 2013. Haukur hefur sinnt störfum fyrir Framsókn en hann var meðal annars formaður kjörstjórnar flokksins árið 2009.

Ásmundur Einar skipaði enn fremur Aðalstein Hauk Sverrisson sem nýjan formann stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs án tilnefningar í janúar 2019. Aðalsteinn Haukur er formaður Framsóknarfélags Reykjavíkur og var jafnframt framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins í Alþingiskosningum árið 2016. Aðalsteinn var einnig skipaður formaður stjórnar Tryggingarsjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga árið 2014 af félagsmálaráðherra til fjögurra ára en ekki má sjá á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins að skipað hafi verið ný stjórn.

Þriðjungur nefnda skipaður formönnum úr Framsókn

Á vegum félagsmálaráðuneytisins starfar fjöldi nefnda, ráða og starfshópa. Í félagsmálaráðuneytinu í maí 2019 voru 28 lögbundnar nefndir og ráð. Þá voru auk þess 42 verkefnatengdar nefndir og vinnuhópar, sem skipaðir eru af ráðherra sérstaklega til þess að koma með ráðgjöf um umbætur í ýmsum málum. Í svari við fyrirspurn á Alþingi frá Ingu Sæland, þingkonu Flokks fólksins, um nefndir,

starfshópa, faghópa og ráð á vegum ráðuneytisins segir Ásmundur Einar að félagsmálaráðuneytið leitist ávallt við að móta stefnu þeirra málaflokka sem heyra undir ráðuneytið og að eiga vítt samráð við fagaðila, faghópa og notendur. Hann segir að slíkir hópar séu í eðli sínu nauðsynlegir við framangreinda vinnu.

Ráðherra skipar í þær nefndir, starfshópa og ráð en oft og tíðum fá einnig ólíkir hagsmunaaðilar að tilnefna einn eða fleiri nefndarmann. Nánast án undantekningar skipar þó ráðherra formann án tilnefningar. Af þeim 70 nefndum, stjórnnum og ráðum sem starfa nú á vegum ráðuneytisins eru 21 skipað formönnum, án tilnefningar, sem hafa einhverskonar tengsl við Framsóknarflokkinn.

Nú formenn skipaðir frá því að Ásmundur Einar tók við embættinu

Af þeim nefndum sem Ásmundur Einar hefur skipað frá því að hann tók við embætti í nóvember 2017 þá eru níu nefndir, hópar eða ráð sem skipuð eru formönnum án tilnefningar sem tengjast Framsóknarflokknum. Hann skipaði Jóhann Friðrik Friðriksson, varaþingmann Framsóknarflokksins, formann tveggja aðgerðahópa í fyrra. Auk þess skipaði hann Lindu Hrönn Þórisdóttur, formann Landssambands Framsóknarkvenna, í fyrra formann faghóps um samfélagslega virkni fyrir einstaklinga með geðræna vanda.

Jafnframt skipaði Ásmundur Einar Frosta Sigurjónsson, fyrrverandi þingmann Framsóknarflokksins, formann verkefnisstjórnar um aðgerðir til að lækka þroskuld ungs fólks og tekjulágra á húsnæðismarkaðinum í fyrra. Auk þess var Linda Rós Alfreðsdóttir, sérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, skipuð formaður starfshóps um móttökuáætlanir sveitarfélaga í mars síðastliðnum. Hún bauð sig fram fyrir Framsóknarflokkinn í Alþingiskosningum árið 2017.

Þá var Valgerður Sverrisdóttir, fyrrum þingmaður Framsóknarflokksins, skipuð formaður samstarfsnefndar um málefni aldraðra til næstu Alþingiskosninga. Guðfínna Jóhanna Guðmundsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, var skipuð af félagsmálaráðherra í fyrra sem formaður Prófnefndar leigumiðlunar til næstu þriggja ára. Jón Sigurðsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins og fyrrverandi iðnaðarráðherra, var skipaður formaður starfshóps af Ásmundi um félagslegt undirboð í október í fyrra. Til viðbótar skipaði Ásmundur Einar Líneik Önnu Sævarsdóttur, þingmann Framsóknarflokksins, formann þingmannanefndar um málefni barna í október í fyrra.

Auk þessa voru í febrúar síðastliðnum embætti þriggja skrifstofustjóra á fagskrifstofum í félagsmálaráðuneytinu auglýst laus til umsóknar. Samkvæmt lögum Stjórnarráðs Íslands skulu ráðherrar skipa skrifstofustjóra að fengnu mati þriggja manna hæfnisnefndar. Einn þeirra þriggja sem sat í hæfnisnefndinni var Páll Magnússon, bæjarritari í Kópavogi, en hann meðal annars gaf kost sér til

Smjörvi
á brauðið, pönnuna og í baksturinn

SUMAR ÚTSALA

REKKJUNNAR

30-60% AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL AF HEILSURÚMUM Á ÓMÓTSTÆÐILEGU VERÐI.

35%
AFSLÁTTUR



Poppy ÚTSÖLUVERÐ
160cm SVÆDASKIPT HEILSURÚM.
FULLT VERÐ 104.340 KR.
67.821 KR.

Mikið úrval
af frábærum
heilsukoddum



50%
AFSLÁTTUR

GEL HEILSU
KODDI

FRÁBÆR AÐLÖGUN MEÐ KÆLIGELI.

FULLT VERÐ 13.850 KR.

ÚTSÖLUVERÐ
6.925 KR.

60%
AFSLÁTTUR



Herbert ÚTSÖLUVERÐ
SÓFI.
FULLT VERÐ 246.900 KR.
98.760 KR.

40%
AFSLÁTTUR



BLUCON

STILLANLEGT HEILSURÚM 180 cm RÚM
(2X90X200) AVIANA DÝNA BOTN OG FÆTUR.

ÚTSÖLUVERÐ
248.923 KR.
FULLT VERÐ 414.923 KR.

STILLANLEG HEILSURÚM FRÁ
216.000 KR. Á ÚTSÖLUNNI.

30%
AFSLÁTTUR



FORTE

LEDUR RAFMAGNS STILLANLEGUR
3GJA SÆTA SÓFI.

ÚTSÖLUVERÐ
132.930 KR.
FULLT VERÐ 189.900 KR.

AVIANA

HÁGÆÐA ÞRÝSTIJÖFNUNARRÚM
EINSTÖK AÐLÖGUN OG ÞYNGDAR-
DREYFING.

FULLT VERÐ 180.720 KR.

ÚTSÖLUVERÐ
108.432 KR.



40%
AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL AF SÓFUM Á FRÁBÆRU VERÐI,
30-60% AFSLÁTTUR AF SÓFUM

rekkjan
HEILSURÚM



kjarninn

FRÉTTASKÝRING

Pólitískar stöðuveitingar tíðkast enn

■ Skiptar skoðanir eru um hvort pólitískar stöðuveitingar viðgangist enn hér á landi og ef svo er hvort þær séu réttlætanager. Lengi vel voru pólitískar stöðuveitingar meginreglan við ráðningar í störf hjá hinu opinbera. Stjórnmalaflokkar deildu út störfum og embættum til að styrkja sinn eigin flokk í sessi. Þegar leið á níunda og tíunda áratug síðustu aldar gætti hins vegar við auknum óvinsældum með fyrirgreiðslu flokkanna og dvínandi mikilvægi þeirra fyrir flokkana sjálfa leiddi til þess að aukin áhugi var á faglegum sjónarmiðum við mannaráðningar. Árið 1996 voru síðan ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins samþykkt á Alþingi. Í þeim leysti fimm ára ráðningartími æðstu embættismanna af hólmi æviráðningu og eftirlaunakerfi opinberra starfsmanna breytt. Í dag eru pólitískar stöðuveitingar ekki opinberlega viðurkenndar hér á landi nema hvað það varðar að hverjum ráðherra er heimilt að ráða sér pólitískan aðstoðarmann sem hverfur úr ráðuneytinu þegar ráðherra lætur af störfum.

„Í dag eru pólitískar stöðuveitingar ekki opinberlega viðurkenndar hér á landi nema hvað það varðar að hverjum ráðherra er heimilt að ráða sér pólitískan aðstoðarmann.“

Þetta kemur fram í fræðigrein Gunnars Helga Kristinssonar, prófessor við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, um umfang og sögu pólitískra stöðuveitinga á Íslandi í tímaritinu Stjórnmal og stjórnsýsla. Í greininni kemur jafnframt fram að ráðuneytin virðast síður en ýmsar aðrar greinar stjórnsýslunnar hafa þróast í átt að faghyggju á síðustu árum. Gunnar Helgi segir í greininni að það endurspeglir eðli þeirra starfa sem þar séu unnin og mikilvægi þeirra fyrir ráðherra. Í ráðuneytinum sé þó ekki gert ráð fyrir því að starfsmenn ráðuneytanna séu pólitískt skipaðir, að frátöldum aðstoðarmanni ráðherra.

Gunnar Helgi segir í samtali við Kjarnann að þó að stjórnsýslan hafi í auknum mæli færst frá hefðbundnum pólitískum stöðuveitingum á síðustu áratugum þá komi þær þó enn fyrir. Að hans mati eiga pólitískar stöðuveitingar nú sér stað í þrengra samhengi elítu stjórnmála. Stjórnmalaflokkar séu nú meiri elítuflokkar sem reknir eru af atvinnumönnum sem fá frekar opinberar stöðuveitingar en óbreyttir flokksmenn.

Gunnar Helgi bendir jafnframt á að auk hefðbundinnar fyrirgreiðslu þá noti stjórnmálaflokkar einnig strategískar stöðuveitingar. Stöðuveitingar af þessu tagi miða ekki að því fyrst og fremst að verðlauna þá einstaklinga sem stöðurnar hljóta heldur að tryggja að einstaklingar sem flokkarnir geti treyst stíji í pólitískt mikilvægum embættum. Gunnar Helgi segir að rannsóknir hans á síðustu árum hafi bent til þess að stjórnmálamenn noti í vaxandi mæli strategískar stöðuveitingar til að styrkja stöðu flokksins innan stjórnsýslunnar.

Gunnar Helgi Kristinsson prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

formennsku í Framsóknarflokknum á landsþingi árið 2008. Nefndarmenn fengu greitt fyrir störf sín.

Eygló skipaði formenn þrettán nefnda sem enn eru að störfum

Á undan Ásmundi Einari gegndi Eygló Harðardóttir, fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins, embætti félagsmálaráðherra, fyrir utan stutt stopp Þorsteins Víglundssonar í embættinu í ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar í nokkra mánuði árið 2017. Eygló Harðardóttir var félags- og húsnæðismálaráðherra frá árinu 2013 til 2017.

Eygló var fyrst kosin á þing sem varaþingmaður Framsóknarflokksins árið 2008. Eygló skipaði fjölda nefnda, fagræða og hópa á meðan hún var ráðherra. Af þeim sem enn eru starfandi eru tólf sem skipaðar eru, án tilnefningar, formönnum með tengsl við Framsóknarflokkinn. Hún skipaði einnig í stjórn Ábyrgðarsjóðs launa sem enn er að störfum en þar skipaði hún Þóreyju Önnu Matthíasdóttur formann stjórnarinnar. Þórey Anna er fyrrverandi formaður Landssambands framsóknarkvenna og bauð hún sig jafnframt fram fyrir Framsóknarflokkinn í Hafnarfirði í fyrra.

Árið 2007 tóku sérstök svæðisbundin vinnumarkaðsráð til starfa um land allt. Ráðin starfa á grundvelli laga um vinnumarkaðsaðgerðir sem samþykkt voru á Alþingi árið 2006. Hlutverk ráðanna er meðal annars að greina stöðu og þróun atvinnumála hvert á sínu starfssvæði og gera tillögur að vinnumarkaðsúræðum. Samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir skipar ráðherra sjö manna svæðisbundin vinnumarkaðsráð. Í hvert vinnumarkaðsráð eru tilnefndir tveir ráðsmenn af samtökum launafólks, á hverju svæði, og tveir af samtökum atvinnurekenda. Jafnframt er einn ráðsmaður tilnefndur af sveitarfélögum á hverju svæði, einn af mennta- og menningarmálaráðherra og einn skipaður án tilnefningar.

Félagsmálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi þeirra sem tilnefndir eru sem aðalmenn. Í heildina eru vinnumarkaðsráðin átta og formenn fjögurra þeirra hafa á einhverjum tíma verið í framboði fyrir Framsóknarflokkinn. Til viðbótar er Guðný Sverrisdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi, formaður Vinnumarkaðsráðs Norðurlands eystra en hún er systir Valgerðar Sverrisdóttur, fyrrverandi ráðherra og þingkonu Framsóknarflokksins. Formaður Vinnumarkaðsráðs Austurlands er Helga Þórarinsdóttir en hún er eiginkona Gunnars Þórs Sigbjörnssonar. Gunnar Þór starfaði innan Framsóknarflokksins til fjölda ára og sat í ýmsum nefndum á vegum Framsóknar í sveitarstjórn á Héraði. Eygló skipaði alla átta formenn ráðanna og eru þeir enn að störfum.

Fyrrverandi ráðherrar að störfum í ráðuneytinu

Siv Friðleifsdóttir, fyrrverandi ráðherra Framsóknarflokksins, var ráðin í starf sérfræðings á skrif-

stofu félagsþjónustu í félags- og húsnæðismálaráðuneytinu í apríl árið 2016. Starfið var auglýst og alls sóttu 36 um það. Siv hafði áður verið fengin til að starfa sem ráðgjafi fyrir félags- og húsnæðismálaráðuneytið á árinu 2014. Um var að ræða aðstoð vegna norræns samstarfs, formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og vinnu í Velferðarvaktinni sem stofnuð var að frumkvæði stjórnvalda snemma árs 2009 til að fylgjast með afleiðingum efnahagshrunsins á heimilunum í landinu.

Þegar starfið var auglýst í febrúar 2016 vöktu tvær konur athygli á því að í auglýsingunni um starf sérfræðings á skrifstofu félagsþjónustu var starfsreynsla gerð að veigameiri skilyrði en menntun í aðsendri grein á Vísi. Í auglýsingunni var krafist háskólaprófs eða sambærilegrar menntunar á sviði félagsmála. Þá sagði einnig í auglýsingunni að mikilvægt væri að viðkomandi sérfræðingur hefði viðtæka þekkingu og reynslu af opinberri stjórnsýslu og samstarfi þvert á ráðuneyti. Enn fremur væri æskilegt að hann hefði sérþekkingu á þeim málaflökkum sem heyra undir skrifstofu félagsþjónustu. Þá var einnig gerð krafa um viðtæka þekkingu og reynslu af alþjóðlegum samskiptum, ekki síst norrænu samstarfi innan stjórnsýslunnar. Í grein kvennanna segir að auglýsingin sé eitt dæmi af fjölmörgum þar sem starfsreynsla var gerð að veigameira skilyrði en menntun.

„Eina krafan um menntun sem sett er fram er krafa um háskólapróf eða sambærilega menntun á sviði félagsmála. Háskólamenntun virðist því ekki vera skilyrði. Hins vegar skiptir viðamikil og sérhæfð starfsreynsla höfuðmáli.“

Siv er með BS-próf í sjúkrapjálfun. Hún sat á þingi fyrir Framsóknarflokkinn frá 1995 til 2013 og var tvívegis ráðherra. Siv var umhverfisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda 1999 til 2004 og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 2006 til 2007.

Síðustu rúm þrjú ár hefur Siv starfað sem sérfræðingur innan ráðuneytisins og var hún jafnframt staðgengill skrifstofustjóra um tíma. Siv er einnig formaður Velferðarvaktarinnar en Eygló Harðardóttir skipaði hana formann án tilnefningar árið 2014.

Jón Sigurðsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins og fyrrverandi iðnaðarráðherra, var skipaður formaður starfshóps af Ásmundi Einari um félagslegt undirboð í október í fyrra. Starfshópurinn skilaði tillögum til úrbóta í janúar síðastliðnum. Búið er að móta aðgerðaráætlun út frá tillögum og tilkynnti félagsmálaráðuneytið í maí síðastliðnum að Ásmundur Einar hefði falið Jóni að hafa yfirsýningu með því að framfylgja aðgerðum sem byggja á tillögum hópsins. Sömulæis þeim aðgerðum sem snerta félagsleg undirboð í stuðningi stjórnvalda við lífskjarasamninga sem samþykktir voru í byrjun apríl síðastliðnum.

Ekkert óeðlilegt við það að skipa þær pólitískt

■ Í samtali við Kjarnann segir Ásmundur Einar Daðason félagsmálaráðherra að þegar um er að ræða nefndir, ráð og hópa á vegum ráðuneytisins sem taka stefnumótandi ákvarðanir sem tengjast pólitík þá séu formenn nefndanna pólitískt skipaðir. „Þegar pólitískar nefndir eru skipaðar þá er horft til þess að skipa þær pólitískt, það er ekkert óeðlilegt við það,“ segir Ásmundur Einar. Hann segir aftur á móti að þegar um er að ræða nefndir sem ekki marka pólitíska stefnu þá séu þær yfirleitt skipaðar embættismönnum. Aðspurður segist hann þó ekki vita í fljótu bragði hversu margar nefndir af þeim 70 sem eru á vegum ráðuneytisins séu svokallaðar pólitískar nefndir en sagði jafnframt að hægt væri að fara yfir það ef þess væri óskað.

Stefna að auknu gagnsæi í allri stjórnsýslunni

Í ríkisstjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir að í nýrri ríkisstjórn munu flokkar sem spanna „hið pólitíska litróf allt frá vinstri til hægri“ freista þess að slá nýjan tón, einhenda sér í þau lykilverkefni sem koma Íslandi í fremstu röð og búa þannig um hnútana að hér verði gott að lifa og starfa fyrir unga sem aldna. „Óvenjulegar aðstæður kalla á breytt vinnubrögð, opnari stjórnsýslu, gagnsæi og virðingu gagnvart verkefnum. Það er vilji flokkanna sem nú taka þátt í samstarfi um ríkisstjórn og eflingu Alþingis að nálgast verkefni með nýjum hætti í þágu alls almennings í landinu, ekki síst með því að styrkja Alþingi með markvissum hætti og auka áhrif þess,“ segir í sáttmálanum. Enn fremur er tekið fram að stefna þurfi að stöðugleika til lengri tíma og auka gagnsæi í athafnalífi og allri stjórnsýslu til að efla traust almennings á rekstri fyrirtækja, fjármálalífi, stjórnmálum og stofnunum samfélagsins. „Frá efnahagshruninu hefur náðst margvíslegur árangur en enn skortir á þá félagslegu sátt sem þjóðin hefur lengi kallað eftir. Að henni þarf að vinna.“ Í nýlegri könnun MMR frá 3. maí 2019 um hvað veldur landsmönnum mestum áhyggjum kom fram að líkt og síðustu þrjú ár voru það spilling í fjármálum og/eða stjórnmálum sem reyndist vera eitt af helstu áhyggjuvöldum þjóðarinnar. Alls svoruðu 44 prósent landsmanna að spilling í fjármálum og/eða stjórnmálum valdi þeim mestum áhyggjum í síðustu könnun.

Holta Kjúklungur


NÝTT OG SPENNANDI FRÁ HOLTA

Hefur þú prófað Holta drumsticks?



STEFÁN KARL

SÍÐASTA
KVÖLDMÁLTÍÐIN



Hér er hann
loksins mættur
úr hugarfylgsnum
okkar ástsæla vinar,
grínborgarinn
Stefán Karl - Síðasta
kvöldmáltíðin.



Eftir ýmsar æfingar, útfærslur,
grín og smakk er óhætt að
segja að samstarf Sprettu og
meistarakokkanna hjá
Hamborgarafabrikkunni hafi
borið árangur og því kynnum
við nú til sögunnar djúsí
kjúklingaborgara sem er
framreiddur með brakandi
ferskum sprettum ræktuðum í
snjallbýli Stefáns Karls.



Stefán Karl er djúpsteiktur kjúklingaborgari úr safaríku lærakjöti í nachos raspi. Með brakandi ferskum Sprettum, döðlu-lauk-chutney, Sprettumæjóí og pikkluduðum gulrótastrimlum. Borinn fram í dúnmjúku og glænýju Fabrikubrauði með frönskum.



Viðtalið

KRISTINN ÞÓR SIGURJÓNSSON



„Hún lifir í minningum okkar“

Til að vera sáttur við lífið þarf að sættast við allt sem á undan er gengið, gott eða slæmt, segir Kristinn Þór Sigurjónsson sem nýverið missti eiginkonu sína úr krabbameini. Áralöng forræðisdeila hjálpaði honum að komast í gegnum erfiðustu tímana og undirbúa hann fyrir enn eina áskorunina, að vera ekill og fjögurra barna faðir.

Texti / Magnús Guðmundsson
Myndir / Hallur Karlsson





Viðtalið

KRISTINN ÞÓR
SIGURJÓNSSON



„En það var oft sem maður hugsaði hvað það væri nú notalegt ef maður lenti í bílslysi, þá væri þetta bara búið.“

Eiginkona Kristins, Ingveldur Geirsdóttir, lést þann 26. apríl síðastliðinn eftir hetjulega baráttu við krabbamein, einungis 41 árs gömul. Hún greindist fyrst með brjóstakrabbamein árið 2014, þá ófrísk að þeirra fyrsta barni en fyrir átti Ingveldur sex ára dreng og Kristinn þrjú börn, eina uppkomna dóttur og tvö börn, níu og tíu ára. Afstaða og viðhorf Ingveldar til sjúkdómsins vakti víða aðdáun. Hún talaði opinskátt og hispurslaust um sjúkdóminn og mynd sem birtist af henni á forsiðu Sunnudagsmoggans, þar sem hún stóð ber að ofan með myndarlega kúlu og krúnurakað hár, vakti mikla athygli.

Tveimur vikum eftir útför Ingveldar, sem fór fram þann 14. maí, sest Kristinn niður með blaðamanni á heimili þeirra. Rétt eins og Ingveldur, talar hann hreint út og opinskátt, án þess að beygja af. Eftir marga erfiða daga og nætur á sjúkrahúsi og tilstand við að skipuleggja útförina er lífið smám saman að komast í eðlilegt horf. Hann er búinn að koma börnunum í skóla og leikskóla og fram undan eru fundir í vinnunni. Aðeins á eftir að jarðsetja duftkerið og svo fer fjölskyldan í langþráð frí til Tenerífe.

Sá ekki dótturina í átta ár

Eftir allt sem á undan er gengið leggur Kristinn áherslu á tvennt, að vera sáttur við lífið og að vera til staðar fyrir börnin. „Að koma í veg fyrir algjört hrún, því ég hef gert það áður,“ segir Kristinn og vísar þar í mál sem hann hefur aldrei áður viljað tala opinskátt um. Árið 1991 eignaðist Kristinn dóttur, Steinunni Helgu, með þáverandi sambyliskonu sinni. Þau slitu samvistum og þremur árum síðar flutti barnsmóðir hans til Bandaríkjanna en Steinunn varð eftir hjá honum á Íslandi. Árið 1997 var gerð dómsátt um að Kristinn fengi fullt forræði en að Steinunn yrði hjá móður sinni í Bandaríkjunum yfir sumartímamann. Það gekk eftir fyrstu árin en í ágúst 2000 fór af stað atburðarás sem leiddi til þess að hann fékk ekki að sjá dóttur sína í átta ár.

„Á föstudagskvöldinu áður en ég ætlaði að sækja hana út á Keflavíkurlugvöll hringdi mamma hennar í mig og sagði að hún kæmi ekki aftur. Ég var alltaf viss um að þetta myndi gerast á einhverjum tímamarki en þarna fór ég í algjöra afneitun. Ég var staddur í sumarhúsi á Búðum á Snæfellsnesi og ég brunaði af stað til Keflavíkur og ætlaði að sækja hana út á flugvöll. Ég var þar í 6–7 tíma, bara að bíða eftir að hún kæmi út um hliðið. Ég fór bara í mók.“ Kristinn stóð uppi algjörlega bjargarlaus. Þetta var fyrir tíma sam-

skiptamiðla og í árdaga Internetsins þar sem upplýsingar voru af skornum skammti og allar samskiptaleiðir mun hægari en í dag. „Ég hringdi í sýslumann og þar var bara spurt hvort hún hefði það ekki fínt hjá mömmu sinni. Ég hringdi út um allt – í lögfræðinga, þingmenn, sendiherrann í Bandaríkjunum. Þessi vetur fór í algjört mók hjá mér og ég man satt best að segja ekkert eftir honum. Heimurinn bara hrundi.“

Úr varð að Kristinn fór til Bandaríkjanna þar sem hann fékk að hitta dóttur sína á hótélherbergi undir eftirliti. Hann talaði við lögfræðing sem útskýrði fyrir honum að hann væri í afar þröngri stöðu. „Bandaríkin viðurkenndu ekki Haag-sáttmálann og Texas [þar sem barnsmóðir Kristins bjó] alls ekki. Hún sagði að ef ég færi með málið í gegnum dómskerfið í Bandaríkjunum myndi ég líklega vinna það en til þess þyrfti ég að vera í dómssal í átta ár. Þá yrði hún orðin 18 ára. Þannig að ég gerði samkomulag um að snúa þessu við, að hún myndi búa í Bandaríkjunum og koma til mín á sumrin.“

Úr varð að Steinunn kom til Íslands vorið 2001 en Kristinn segir að andlegt ástand hans hafi verið þannig að hann muni lítið eftir þessum tíma. „Ég man ekki eftir þessu sumari nema á myndum og af þeim að dæma var þetta ágætis sumar. Eftir þetta sumar fékk hún ekki að koma aftur og hún kom ekkert aftur fyrr en 2009 þegar hún var orðin 18 ára og ákvað að koma sjálf. Ég heyrði eða sá lítið af henni í átta ár. Síðan hefur hún komið í heimsóknir og hún bjó hérna hjá okkur einn vetur í hitteðfyrri, hún og afastrákurinn Alan. Það var mjög góður tími. Hún er náttúrulega fullorðin kona núna og kemur bara þegar hún vill koma.“

Bar grímu í mörg ár

Kristinn segir að þessi reynsla hafi haft djúpstæð áhrif á hann, bæði til skemmri og lengri tíma. Lífið hafi vissulega haldið áfram en hann hafi mætt því með því að setja upp grímu og látið sem allt væri í lagi. „Þegar þetta gerðist þá hrundi heimurinn alveg, en ég hélt samt einhvern veginn áfram, var í vinnunni og svoleiðis en samt aldrei almennilega til staðar. Á tímabili vildi maður ekki lifa. Það komu ekki upp sjálfsvígshugleiðingar eða slíkar langanir, einfaldlega af því að ég er svo forvitinn að vita hvað gerist næst. En það var oft sem maður hugsaði hvað það væri nú notalegt ef maður lenti í bílslysi, þá væri þetta bara búið.“ Kristinn segir að næstu árin á eftir hafi hann hrúnið niður í tíma og ótíma en eftir því sem lífið vatt upp á sig hafi slíkum augnablikum fækkað. „Það bættust aðrir hlutir inn í lífið. Ég kynntist annarri konu og eignaðist með henni tvö börn, við fórum út til Danmerkur og ég fór í véltækniþjálfun og kláraði það.“

Kristinn segir að sú bitra lífsreynsla sem hann gekk í gegnum hafi orðið honum leiðarljós í lífinu.

Að líta á lífið sem eina samfellda heild en ekki röð einstakra viðburða. Öðruvísi geti maður ekki orðið sáttur við lífið. „Ef henni hefði ekki verið rænt af mér hefði ég aldrei eignast næstu börn á eftir og aldrei farið að mennta mig. Ég hefði kannski keypt mér lottómiða og unnið milljarða í lottói, ég veit ekkert um það. En þessi farvegur sem hefur átt sér stað síðan hefði aldrei orðið. Ef ég er sáttur við lífið í dag, sem ég er, þá verð ég að vera sáttur við allt sem á undan er gengið, gott eða slæmt. Ég get ekki sagt að ég sé sáttur í dag en ósáttur við eitthvað sem er búið að gerast. Sú reikniformúla gengur ekki upp.“

Það er einmitt þannig sem Kristinn hefur tekist á við veikindi og andlát Ingveldar. „Ég hef val. Annaðhvort að vera ósáttur við næstu ár eða vera sáttur við næstu ár. Ef ég ætla að vera sáttur næstu ár verð ég að setta mig við það sem hefur gerst. Ég gæti farið sömu leið og síðast, sett upp grímu og látið eins og allt sé í lagi en hrúnið svo niður einhvers staðar. En það er bara vondur farvegur, ég er búinn að prófa það og það virkar ekki. Ég þarf að vera til staðar fyrir börnin og ég vel það.“

Bakslag eftir bata

Ingveldur greindist með illkynja æxli í brjósti haustið 2014. Hún var þá gengin fjóra mánuði á leið og var strax tekin sú ákvörðun að ganga alla leið með barnið. Brjóstið var strax tekið og svo hófst lyfjameðferð sem gert var hlé á fram að fæðingu og hófst að nýju skömmu eftir. Allt gekk að óskum, Ingveldur losnaði við meinið og var farin að vinna í að ná fullum styrk. „Í febrúar í fyrra var hún ekki alveg eins og hún átti að sér að vera. Hún var þreyttari og fékk oftar höfuðverk. Hún talaði við krabbameinlækninn og bað um að láta skoða sig en það var ekki gert. Þetta hélt áfram og það var ekki fyrr en í júní sem við fórum niður á bráðamóttöku og neituðum að fara út nema að það væri tekin mynd.“

Þá kom í ljós þriggja og hálf sentímetra hraðvaxandi æxli í höfði Ingveldar. Þeim var tjáð að æxlið væri á góðum stað og ekki væri hætt á miklum fylgikvillum af aðgerðinni. Í henni kom hins vegar í ljós að það var komið smit í heilahimnuna og Ingveldur var því send í geislameðferð. „Það virtist ganga mjög vel og hún var útskrifuð. Við komum heim og hófum okkar uppbyggingarfasa en hún var alltaf með einhvern doða í vinstri hönd og hægri fæti. Læknarnir sögðu að líklegast væri þessi doði tilkominn vegna aðgerðarinnar, að taugaboðin skiluðu sér ekki rétt og þetta myndi mögulega koma til baka. Nema þessi doði jókst bara. Við vorum ekki búin að vera lengi heima, kannski þrjár vikur, þegar við fórum aftur niður á bráðamóttöku og þá kom í ljós að það var komið sáldur í mænuna, krabbameinssáldur.“ Það var á þessum tíma sem þeim var gerð grein fyrir því að meinið yrði ekki læknað. Þetta væri því aðeins spurning um tíma.

Þetta var staða sem Kristinn hafði áður verið í því fjórum árum áður hafði hann fylgt móður sinni til grafar. Banamein hennar, líkt og Ingveldar, var krabbamein. „Mamma greindist 2012 og þá var meinið búið að dreifa sér. Mamma var alltaf brosandí, sama hvað gekk á, en ég man að það fékk mjög á hana þegar Ingveldur greindist. Hún fór svo 1. desember 2015. Ári áður dó frænka mín líka úr brjóstakrabbameini. Hún dó ung frá börnum og útförin var mjög erfið. Það var eftir að brjóstið var tekið af Ingveldi og hún komin í meðferðina. Þarna sá maður hvert þessi meðferð gat leitt.“

Átti ekki að fá að fara á afmælisdaginn

Síðastliðið haust var Ingveldur orðin mjög veik og dvaldi langtímum saman á sjúkrahúsi. Fyrir tilstuðlan Óskars Jóhannssonar krabbameinlæknis fékkst samþykki fyrir að flytja inn sérstakt lyf sem hafði mjög góð áhrif á Ingveldi. „Hún var orðin þannig að hún þyrfti aðstoð við allt en þegar hún fékk þetta lyf fór hún að fá kraftinn smám saman aftur. Hún gat farið í búð og í saumaklúbbinn án þess að nota hjólastól og var orðin sjálfstæð með allt sitt sem var í raun kraftaverk miðað við hvernig staðan var orðin. Þetta var mjög góður tími. En svo kom að því að lyfið hætti að virka. Óskar var búinn að segja okkur



Allt fyrir vorverkin



Strákústur m/stálfestingu 30cm breiður

895



Moltugerðarkassi
420 L **5.990**
650 L **7.790**

Pretul Laufhrifa

695



MIKIÐ ÚRVAL AF STIGUM OG TRÖPPUM

LLA-308 PRO álstigi 3x8 þrep 2,27-5,05 m **20.890**

Mei-9961360 Garðyfirbreiðsla 5x1,5m **749**

Garðúðari. Ál, 3 arma. **1.690**

Meister - Úðabyssa með stillanlegu skafti **2.495**

Garðskafa **1.490,-**

Malarhrifa **1.890,-**

Áltrappa 3 þrep **4.490**

Áltrappa 4 þrep 5.440
5 þrep 7.290



Mei-9961400 Sterkur Hella & jarðvegsdúkur 10m² **2.850**



Garðkanna 10 L **695**

Truper garðverkefari 4 í setti **1.690**

Pretul greinaklippur **875**

Trup hekkklippur 23060 **1.245**

Bíla & gluggaþvottakústur gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun **2.690**



Lokað slönguhjól 20m 1/2" **11.995**

Truper 15" garðverkfæri Verð **695**/stk

Truper handöxi **1.395**

Meistar upptinslutól /plokkari **1.690**

21" greinaklippur **2.295**

Truper Haki 5lbs fiberskaft **2.790**



Hjólbörur 80L **4.490**



Mei-9957210 Skilrúm í garðinn 9mx15cm **1.490**

PRETUL úðadæla 5 l. Trup 24685 **2.890**

Truper sleggja m. fiberskafti 3,6kg **3.590**

Sterkir Cibon strákústar 45cm **1.395 kr.**
60cm **1.895 kr.**

Fyrirvari um prentvillur.

Slöngusamtengi **150** (mikið úrval tengja)

Mikið úrval af þrýstikútum. Verð frá **2.190**

Proflex Nitril vinnuhanskar **395**

25 stk. 110 lítra ruslapokar **995**
Einnig 200 lítra 10 stk. kr. 795 (65my)

Garðkarfa 50L **1.990**

Truper Slönguvagn **6.995**

20m Meister garðslanga með tengjum **2.490**

MARGAR GERÐIR AF HJÓLBÖRUM

Öflugar hjólbörur 90 lítra **7.490**



Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



netgíró

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!



Viðtalið

KRISTINN ÞÓR SIGURJÓNSSON

að það myndi gerast þar sem lýfið ræðst einungis gegn BRCA-sýktum frumum en hefðbundnar krabbameinsfrumur héldu áfram að fjölga sér. Þetta gerðist í mars og þá var krabbameinið komið í mænuna.“

Í byrjun apríl var staðan orðin afar slæm. Kristinn var staddur í Þýskalandi í vinnuferð þegar hann fékk símtal frá læknum og hann beðinn um að koma með fyrstu vél heim því þetta væri mögulega aðeins spurning um klukkustundir. „Á laugardeginum, á afmælisdegi dóttur okkar, 6. apríl, var hún meðvitundarlaus og svaf allan daginn. Við héldum upp á fjögurra ára afmælið niðri á spítala en Ingveldur vaknaði aldrei þann daginn. Ég hélt þá að hún væri að fara og búíð var að segja okkur að það yrði ekki reynd endurlífgun á þessu stigi. Ég var samt alveg ákveðinn í að hún fengi ekki að fara á afmælisdegi dóttur okkar og var tilbúinn til að fara fram á að henni yrði haldið á lífi fram yfir miðnætti alla vega. En svo gerðist það að hún vaknaði daginn eftir og var bara öll hin hressasta.“

Dýrmæt stund á dánarbeðinum

Það kom Kristni ekki á óvart að Ingveldur skyldi hafa vaknað á þessum tímamarki. Ekki bara hafi hún þurft að gefa stórum vinahópi sínum tækifæri til að kveðja heldur eigi margir í fjölskyldu hennar afmæli í apríl. „Hún teygði sig fram yfir afmælisdagana í fjölskyldunni í apríl, ferminguna hjá dóttur minni og hún fór ekki fyrir en tveimur dögum eftir síðasta afmælisdag. Þekkjandi hana held ég að það hafi haft eitthvað með það að gera. Hún ætlaði ekki að fara að deyja á einhverjum afmælisdegi hjá einhverjum nánum.“

Dagana eftir að Ingveldur vaknaði tók hún á móti vinum og vandamönnum sem fengu tækifæri til að kveðja hana í hinsta sinn. „Það var alveg merkilegt að þegar gestirnir komu þá setti hún sig í einhvern hærra gir og var alveg með á nótunum. Heimsóknirnar tóku vissulega orku frá henni og hún þurfti að leggja sig á milli þeirra. En hún setti alla sína orku í að kveðja vel og almennilega.“

En tíminn var að renna út. Ingveldur sýndi lítill viðbrögð, hún var mikið verkjastillt og nærðist lítið. En svo gerðist nokkuð sem kom Kristni algjörlega í opna skjöldu. „Eina nóttina vaknaði hún um sexleytið. Hún var þá stödd í skemmtiferðaskipi og spurði mig hvenær við færum næst í land. Hún var eitthvað óróleg og vildi ekki sofa þannig að ég kveikti á útvarpinu og skömmu síðar byrjaði Jónas Sig að syngja lagið „Dansíð“. Þá byrjaði hún skyndilega að baða út öllum öngum og hún dansaði allt lagið þarna í rúminu. Þarna fór orkan alveg í botn en um leið og lagið kláraðist var hún alveg búin og sofnaði. Þetta var skemmtileg og dýrmæt stund.“ Örfáum dögum síðar lést Ingveldur.

Mamma er núna í hjartanu í mér

Kristinn segir að í öllu þessu hafi bæði hann og Ingveldur verið vel meðvitað um að endalokin væru óumflyjanleg. Þau hafi lagt áherslu á að gera börnunum grein fyrir því líka og alltaf talað hreint út um veikindin við börnin. „Við þá yngstu líka þótt hún hafi ekki enn fangað hugtakið dauðann. Hún fangar þetta svolítið þannig að „nú er mamma ekki lengur á sjúkrahúsinu. Núna er hún í hjartanu í mér. Hún er með hús þar.“ Svo á þetta bara eftir að þróast með hennar þroska. Hún var náttúrlega búin að upplifa það að mamma hennar hafði verið á sjúkrahúsinu í um 100 daga síðastliðna nú mánuði. Þetta var svolítið langur tími sem hún hitti alltaf mömmu sína á spítala. Það kom mér nokkuð í opna skjöldu að hún var vissulega sorgmædd en samt glöð yfir því að nú væri mamma hjá sér. Svo þegar hún er að melta þetta

hugtak, dauði, þá koma spurningar eins og „við erum ekki dáin, er það?“ Það þarf bara svolítið að halda henni við efnið og tala um þetta. Að vera ekki að vernda börnin gagnvart þessu. Þetta er bara staðan og ég hef ekkert verið að segja við hana að mamma hennar sé á himnum með englum eða eitthvað svoleiðis. Hún er bara dáin og hún lifir í minningum okkar.“

„Eins og 100 kíló væru tekin af mér“

Útför Ingveldar fór fram frá Grafarvogskirkju þann 14. maí. Kristinn segir að í ágúst, þegar ljóst varð hvert stefndi, hafi þau hafist handa við að undirbúa jarðarförina. En jafnvel þótt allt hafi verið á hreinu og Kristinn vel meðvitaður um hvernig Ingveldur hafi viljað hafa útförina fann hann fyrir miklu stressi. „Það lá svo þungt á mér að þetta yrði gert eins og hún myndi vilja hafa þetta, helst aðeins umfram það. Svo kom önnur skritin tilfinning, þegar síðasta atriðinu í útförinni var lokið var léttirinn svo mikill, það var eins og 100 kíló væru tekin af mér. Þetta var fullkomin jarðarför, alveg eins og hún hefði viljað hafa hana og vel það. Ef það hefði ekki verið svona margt fólk þarna hefði ég hoppað upp og gargað „yes!“ Það var mjög skritin tilfinning að vera, á þessum tíma, jafnglaður og ég var. Eftir á að hyggja getur maður hlegið að þessu, en í mómentinu var maður að hugsa að þetta væri hvorki staðurinn né stundin til að vera glaður.“

Fann sterkt fyrir henni í sveitinni

Ingveldur var fædd og uppalin á Gerðum í Gaulverjabæ og segir Kristinn að hún hafi hvergi notið sín betur en þar. Planið hafi verið að þau myndu gifta sig í Gaulverjabæjarkirkju en þess í stað hafi þau gift sig á kaffistofunni á deild 11E á Landspítalanum. „Okkur var ráðlegt að klára þetta upp á praktísk mál þannig að við giftum okkur 24. ágúst. Þetta var á föstudegi. Við töluðum við Gunnar sjúkrahúsprest og svo var náð í börnin og systur hennar Ingveldar. Þetta var mjög falleg og góð stund, en við höfðum þann fyrirvara að þegar hún væri komin með orkuna aftur ætluðum við að fara með Gunnari í Gaulverjabæjarkirkju og gifta okkur þar. En það varð því miður ekki en Gunnar kemur samt með okkur í Gaulverjabæ þegar duftkerið verður jarðsett í lítilli athöfn.“

Kristinn var einmitt nýkominn frá Gerðum þegar viðtalið fór fram og sagðist hann hafa fundið sterkt fyrir nærveru Ingveldar þar. „Ég er ekki trúður á þann hátt að ég haldi að það sé líf eftir dauðann eða að það séu draugar sem ganga hér um. En ég

finn sterkt fyrir henni og aldrei eins og í sveitinni. Ég átti svolítið erfitt með mig í gær þar sem ég horfði út um gluggann og ... ég nánast sá hana. Ég fann einhvern veginn að hún væri þarna, að fara út í fjósið. Þarna var hennar heimavöllur. Það var mjög skritin tilfinning og ég hef aldrei upplifað þetta áður. En það var mjög gott að upplifa þetta, að finna hana.“

Ætlar að vinna í sjálfum sér

Eðli málsins samkvæmt hafa undanfarnar vikur verið annasamar hjá Kristni. Auk þess að skipuleggja útförina og ganga frá öðrum praktískum málum hefur verið gestkvæmt á heimilinu. En það er aðeins farið að hægja á og þá vill það oft gerast að sorgin hellist yfir. Kristinn segist mjög meðvitaður um þetta. „Núna hefur lífið snúist um að klára útförina og þessi praktíska mál, taka börnin úr þessu umhverfi og fara með þau til Tenerife og svo í útilegur í sumar. Ég geri alveg ráð fyrir því að það komi skellur í haust. Ég veit að það mun gerast en ég ætla þá alla vega að vera búinn að undirbúa það með því að vera kominn í rútínu með leikskólann, að þetta verði eins og smurð vél. Varðandi framhaldið þá bara er það að halda minningu Ingveldar á lofti fyrir börnunum og ekki reyna að grafa þetta niður til að einfalda lífið. Við tölum bara um þetta, grátum saman þegar þarf að gráta saman. Það er allt í lagi. Það verður erfitt að halda jólin, það verður erfður aprílmánuður á næsta ári þegar öll barnaafmælin eru. En ég hef ekkert rosalega miklar áhyggjur af því enn þá.“

Í fyrsta skipti ætlar Kristinn svo að vinna skipulega í sjálfum sér. „Ég hef verið að hugsa um það að ég þurfi að finna mér nýjan takt, hvernig ég ætli að hafa hlutina. Ég er búinn að panta mér viðtalstíma hjá Ljósinu eftir að ég kem heim frá Tenerife og þá ætla ég að byrja að spá í mig. Það er eitthvað sem ég hef aldrei gert áður og ég finn að það hjálpar að tala. Bara það að tala opinskátt við börnin hefur verið eins og sálfræðitími fyrir mig. Ég vorkenni stundum fólk sem slysast til að spyrja hvernig ég hafi það því ég segi það bara hreint út. Fólk verður þá bara að taka því og höndla það ef ég fer að gráta.“

Reykjavíkurmaraþonið er fram undan og svo vill til að það ber upp á brúðkaupsdaginn, 24. ágúst. Þar ætlar Kristinn að hlaupa 21 kílómetra í nafni Ljössins. Hann viðurkennir að langhlaup séu ekki hans sterkasta hlið enda stór og mikill maður. Ástríða hans liggur í ruðningi (rugby) en Kristinn er einn af forvígismönnum íþróttarinnar hér á landi. „Ég fer bara hægt og örugglega yfir. Ég hef engar áhyggjur að komast ekki í endamarkið.“




„Þetta var fullkomin jarðarför, alveg eins og hún hefði viljað hafa hana og vel það. Ef það hefði ekki verið svona margt fólk þarna hefði ég hoppað upp og gargað „yes!““

Draumur þeirra Kristins og Ingveldar var að giftast í Gaulverjabæjarkirkju en þess í stað fór athöfnin fram á deild 11E á Landspítalanum. „Þetta var mjög falleg og góð stund,“ segir Kristinn.



FULLKOMIN Í FRÍIÐ



„Einstök spenna,
Child bregst ekki
lesendum sínum.“

MINNEAPOLIS STAR TRIBUNE

Jack Reacher snýr aftur
í bók sem gefur þeim
fyrri ekkert eftir

 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | laugardaga 11-16 | www.forlagid.is



Innlent

LEIÐARI

Kóróna sköpunarverksins

Eftir / Steingerði Steinarsdóttur

Sá frasi að samfélag okkar stjórnt af kristnu siðferði heyrir reglulega. Íðulega í tengslum við innflytjendur sem aðhyllast önnur trúarbrögð og þegar menn slengja þessu fram er gjarnan bætt við að þessi eða hinn hópurinn ætti nú að laga sig að okkar siðum. Því í hugum ansi margra er kristna siðferðið ofar og æðri allri annarri siðmennt mannsins. Þetta er svolítið undarlegt í ljósi þess að í grunninn snúast öll trúarbrögð um að leggja mönnum í hendur lykila til að lifa góðu og gefandi lífi í sátt við aðra. Í Biblíunni er sagt að maðurinn sé skapaður í mynd guðs. Sumir hafa viljað túlka þetta sem svo að hann sé þar með kóróna sköpunarverksins en í því hefur mér fundist felast nokkur hroki.



„... í hugum ansi margra er kristna siðferðið ofar og æðri allri annarri siðmennt mannsins. Þetta er svolítið undarlegt...“

Guð leit yfir sköpun sína, dýrin, jurtirnar og allt annað á jörðu niðri og sá að það var gott. Hann hafði einnig fyrir því að bjarga dýrunum um borð í Örkina áður en hann sendi flóðið yfir Nóa og meðbræður hans. Bendir það ekki til þess að hann meti dýrin til jafns við mennina? Þrátt fyrir þessar og fleiri augljósar vísbendingar telja sumir menn sig svo hafna yfir dýrin að þeir megi beita þau miskunnarlausum níðingsskap.

Í hvert sinn sem ég verð vitni að slíku fyllist ég yfirgengilegri óbeit og sárum vanmætti. Að hluta til er ég alin upp á sveitabæ og þar varð ég aldrei vitni að hrottaskap gagnvart skepnum. Bændurnir báru virðingu fyrir bústofninum og leituðust við að sinna honum af kostgæfni. Í fjörutíu ár hef ég verið í sambúð með veiðimanni, sá er jafnvígur á troll, flugustöng og byssu og leggur sig alla tíð fram um að aflífa dýr á eins skjótvirkann og mannúðlegan hátt og hægt er. Hann og félagar hans hafa lagt á sig ómælt erfiði við að leita upp fugla sem þeir óttuðust að hafa sært til að forða þeim frá sárauka.

Að mínu mati ber það vott um sterka siðferðiskennd, ekki endilega kristna því í mörgum öðrum trúarbrögðum er lögð meiri áhersla á virðingu fyrir dýrum. Hindúatrú er gott dæmi um það. Einmitt af þessum ástæðum hefur leitað sterkt á mig að undanfögnu spurningin um hvaða siðferðiskenningar hinn dæmigerði Íslendingur aðhyllist. Hér er fiskimannasamfélag og menn háðir björginni úr sjónum, samt hika þeir ekki við að henda gríðarlega miklum afla í sjóinn til að fá verðmætari samsetningu. Nýlegt myndband sýndi líka skipverja á Bíldsey skera sporð af hákarli og sleppa. Og hópur fólks óttast áhrif íslamstrúar á menningu hér á landi. Þeim má benda á að í Kóraninum eru dýrin sögð innblásin af anda guðs og mannum leyft að nýta þau aðeins ef hann komi fram við þau af mannúð og miskunnsemi.



JONO DUFFY & EINAR V. MÁSSON

Skoðun

Eftir / Sveinn Aðalsteinsson & Maríu Guðmundsdóttur



Hæfni er grunnur að gæðum

Höfundar: Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Hæfnisetsurs og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins Maríu Guðmundsdóttir, formaður Hæfnisetsurs og fræðslustjóri Samtaka ferðapjónustunnar

■ Hæfnisetur ferðapjónustunnar var sett á stofn árið 2017 á grundvelli skýrslu Stjórnstöðvar ferðamála sem stjórnvöld og Samtök ferðapjónustunnar ýttu úr vör um hæfni í ferðapjónustu. Markmiðið er að auka framleiðni og gæði í ferðapjónustu sem og starfsánægju og fagmennsku starfsfólks, einkum framlínu-starfsmanna og millistjórnenda í þessari mikilvægu atvinnugrein. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (ANR) kostar verkefnið til ársloka 2020. Verkefnið er vístað hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. (FA) sem er í eigu aðila vinnu-markaðarins.

Í greiningu KPMG, Framtíð ferðapjónustunnar á Íslandi árið 2030 - sviðsmyndir og áhættugreining, er skortur á hæfu starfsfólki talinn meðal helstu áhættuþátta. Þar kemur fram að verði vöntun á starfsfólki með viðeigandi menntun eða reynslu í ferðapjónustu muni það hafa alvarleg langtímaáhrif á upplifun ferðamanna og ímynd landsins.

Árið 2018 hefur Hæfnisetrið unnið hörðum höndum einkum á tveimur verkefnasviðum. Í fyrsta lagi fór fram mikil vinna við að aðstoða og koma á tengslum fræðsluáðila og fyrirtækja. Á árinu var samið við um 70 fyrirtæki í ferðapjónustu með tæplega 2.000 starfsmenn. Tengt því verkefni er þróun starfsfólks Hæfnisetsursins á rafrænum tækjum til að nota í fræðslu, meðal annars með vinnslu fagorðalista, þjálfunarefnis og smáforrita.

Í öðru lagi var fundað með ótal fyrirtækjum í ferðapjónustu, skólum, stéttarfélagum og starfsfólki í eins konar rýnihópum sem Hæfnisetrið setti á stofn til að meta þarfir ferðapjónustunnar fyrir breytt eða nýtt nám í formlega skólakerfinu.

Niðurstöður úr vinnu hópanna, sem nýverið voru kynntar í skýrslunni *Hæfni er grunnur að gæðum*, sýna ótvírætt að atvinnulífið vill staðfesta hæfni til starfa. Þá kom fram að mikilvægt væri að samtalið verði virkt áfram og mörkuð heildstæð stefna fyrir greinina. Skýrslan er innlegg atvinnulífsins í mótun

mennta- og hæfnisefnu fyrir ferðapjónustuna.

Ferðapjónustan hefur skýra framtíðarsýn um menntun í greininni. Hún byggir á sveigjanlegu og þrepaskiptu námi sem hefur greinilega tengingu við hæfniramma um íslenska menntun. Aðilar samtalsins milli atvinnulífs og menntakerfis eru sammála um eftirfarandi:

Atvinnulíf og menntakerfi vilja vinna saman.

Þörf er á breytingum á námsframboði þannig að það spegli betur þarfir atvinnulífsins.

Raunfærnimat verði útbreidd og viðurkennd aðferð til að meta hæfni.

Vottun á námi/hæfni verði á öllum þrepum og slík vottun hafi gildi á vinnuarkaði og í frekara námi.

Hæfnisetur ferðapjónustunnar sem hefur leitt þessa vinnu með öflugum stuðningi ráðuneyta, aðila vinnuarkaðarins, fræðsluáðila, skóla og fyrirtækja, er reiðubúið til að koma að þessari vinnu áfram enda er umgjörð og hugmyndafræði Hæfnisetsursins vel til þess fallin að stuðla að frekara samstarfi.

Hæfni er grunnur að gæðum og hana þarf að gera sýnilega og styrkja, til góðs fyrir einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki.

Aðsendar greinar ásamt litmynd af höfundi sendist á ritstjorn@birtingur.is. Hámarks lengd texta er 450 orð.

Bragðgóð hollusta á milli mála - lífrænir drykkir sem draga úr nartþörf!

GingerLove

DetoxLove



engifer appelsínur sitróna



túrmerik ananas engifer

Fæst í Heilsuhúsinu, Hagkaup, Melabúðinni, Fjarðarkaup, Heimkaup og í fjölmörgum apótekum og völdum útsölustöðum um land allt.

BÍO RÁW VEGAN

abel heilsuvörur

Góð vika



Slæm vika



Sleggjan



„Mér stendur stuggur af ykkur því ég hef þungar áhyggjur af flokknum. Ég hef rætt við hundruð félagsmanna sem hugnast ekki ferðalag ykkar og hyggjast ekki slást í þá för.“

Davíð Oddsson, ritstjóri Morgunblaðsins og fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, skýtur föstum skotum á flokksforystuna í tengslum við 90 ára afmæli Sjálfstæðisflokksins.



„Bréfaskriftir geta verið hættulegar af því þær koma upp um mann, – lýsa því í hvaða sálarástandi maður er þá stundina. Og auðvitað hefni þú sín, ef illa liggur á manni, – þá miklar maður hlutina fyrir sér og freistast til að fara ekki rétt með.“

Halldór Blöndal, fyrrverandi ráðherra Sjálfstæðisflokksins um skrif Davíðs. Skrif Halldórs hafa vakið töluverða athygli enda var hann um árabíl einn mesti stuðningsmaður Davíðs.

„Mig minnir að völlum sé eins en borgin og fólk hefur breyst. Ég kom í september en viðmót fólksins var hlýtt. Nú virðist það vera þröngsýnna.“



Senol Gunes, þjálfari tyrkneska karlalandsliðsins í fótbolta, ósáttur við móttökurnar sem liðið fékk á Keflavíkurflugvelli.

„Að mínu mati þá er það sorglegt því þá er þetta klikkaður heimur. Liðið hefur ekkert með þetta að gera. Þau eru alveg saklaus.“



Erik Hamren, landsliðsþjálfari íslenska karlalandsliðsins í fótbolta, um morðhótanir sem íslenskt íþróttafólk fékk í kjölfar heimsóknar tyrkneska landsliðsins.

„Hver sem lendir í svona upplifir það mögulega sem vanvirðingu. Viðbrögðin í kjölfarið hafa samt verið gjörsamlega út úr kortinu. Sérstaklega hjá nettröllum, tyrkneskum, íslenskum og öðrum.“



Sema Erla Serdar aktivisti um „uppvottabursta-málið“ svokallaða sem kom upp í Leifstöð og eftirmála þess.

Fótbolti er heimsk íþrótt, vekur upp oftast ekki það versta í karlmönnum ...“



Bubbi Morthens tónlistarmaður.



„Því hefur verið haldið fram að slík móðgunargirni sé á einhvern hátt einkennandi fyrir Tyrki. Hvað sem því líður eru þessi viðbrögð miklu frekar einkennandi fyrir móðgunarmeninguna sem hefur heltekið Vesturlönd og aðrar þjóðir á undanförunum árum.“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins.

„Núna líður varla vika án þess að heimspresan fjalli um Íslendinga sem ýmist misþyrma hákörtum eða eru dónalegir við gesti á íþróttamótum. Og rífa svo bara endalaust kjaft og emja yfir því að færri nenni að heimsækja þetta rándýra og dónalega land á hjara veraldar.“



Þórarinn Leifsson rithöfundur.

Eric Hamrén, landsliðsþjálfari í knattspyrnu



Sviinn geðþekki fór brösuglega af stað með gull-drengi íslensku þjóðarinnar. Liðið virkaði þungt og áhugalítið í fyrstu leikjunum og þrátt fyrir sigur gegn Andorra í fyrsta leik undankeppni EM fjölgaði stöðugt í hópi efasemdarmanna. Staðan var orðin þannig að ef leikirnir gegn Albaníu og Tyrklandi hefðu tapast væri honum varla stætt í starfi lengur. En Hamrén galdraði fram magnaða frammistöðu í þessum leikjum og Hamrén-vagninn er óðum að fyllast. Leitun er að manni sem hefur tekist að snúa almenningsálitinu sér í vil á jafnskömmum tíma. Kemur aðeins Ólafur Ragnar Grímsson eftir Icesave-málið upp í hugann.

Stefán Pálsson sagnfræðingur


Síðustu dagar búnir að vera þjóðinni afar hagfelldir og kandidatarnir fáir. Sigurvíman er enn að renna af landanum eftir sigurinn gegn Tyrkjum og sólin skín sem aldrei fyrr. Nokkrir íþróttfréttamenn fengu að kenna á reiðum Tyrkjum á samfélagsmiðlum en þeir fengu þó að eiga síðasta hláturinn. Af einskærri meinfýsni útnefnum við hins vegar Stefán Pálsson, helsta talsmann hernaðarandstæðinga og VG-liða. Opinber heimsókn Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóra NATO, ein og sér var vafalaust þynir í augum Stefáns en að hafa þurft að horfa upp á formann VG taka á móti honum með virtum hlýtur að hafa sviðið.



MARGVERÐLAUNUÐ METSÖLUBÓK



Adressavisen, Noregi



Kriminn sem gerði allt vitlaust á Norður-löndunum; seldur til þrjátíu og fimm landa og víða valinn besta glæpasagan 2018

„Þetta er bók sem maður vill helst klára í striklotu og stelst til að vaka lengur en skynsamlegt er. Fín sumarlesning fyrir reyfaralesendur.“

Stefán Pálsson

„Besti sögulegi kriminn frá því að Í nafni rósarinnar eftir Umberto Eco kom út.“

Jyllands-Posten




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-16 | www.forlagid.is



Gestgjafinn
FERÐALÖG



Í Bristol er mikið úrval matsölu-enda borgin sú næststærsta í Suður-Englandi, á eftir Lundúnum.

Bristol

– spennandi svæði fyrir sækera



Texti og myndir / Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir og visitbristol.co.uk

Bristol er skemmtileg hafnarborg í Somerset-héraði í Suðvestur-Englandi. Þar búa rúmlega 440 þúsund manns en borgin er afslöppuð og þægileg yfirferðar og ekki spillir fyrir að verðlagið er svolítið hagstæðara en í London. Hægt er að skoða veggjamyndir eftir hinn fræga Banksy og fleiri listamenn, fara í dýragarðinn, á sædýrasafnið, versla og skoða Brunel's ss Great Britain sem er eitt elsta áætlunarskip sögunnar og margt, margt fleira.

Veitingastaðir, kaffihús og barir eru ekki af skorum skammti í Bristol, enda svæðið rómað fyrir gott hráefni. Mikið er um eðalosta en cheddar-osturinn er einmitt frá Somerset. Epli eru ræktuð í héraðinu og eplaafurðir því algengar og góðar en þar ber helst að nefna epla-cider sem er eiginlega héraðsdrykkurinn. Bjór og öl er bruggað víða og einnig eru ginframleiðendur í Bristol, Bramley & Gage og Psychomp Micro Distillery. Somerset er stundum nefnt matarkista Bretlands því þar er aðgengi að fiski gott og loftslagið hentugt til allskyns ræktunar. Hér eru nokkrir góðir og áhugaverðir áfangastaðir fyrir ferðalanga og sækera í Bristol.

Bristol

Matsölu-enda borgin

Í Bristol er mikið úrval matsölu-enda borgin sú næststærsta í Suður-Englandi, á eftir Lundúnum. Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, allt frá ódýrum og einföldum mat á kaffihúsum og krám til finni veitingastaða með Michelin-stjörnur.

Glassboat Restaurant

Glassboat er í raun fjótandi matsölu-enda þar sem hann er staðsettur í vatnabáti niður við ána Avon, nánar tiltekið á Welsh Back. Þennan rómantíska stað heimsækja Bristolbúar þegar þeir fagna merki um áföngum í lífinu. Ég mæli eindregið með því að panta borð í tíma og biðjið um borð við glugga sem snýr að ánni. Matargerðin á Glassboat er skemmtileg blanda af

frönskum og enskum straumum þar sem notað er úrvalshráefni. Vínlistinn er ekki af verri endanum þar sem eingöngu er boðið upp á vín frá Frakkandi. Á Glassboat er einnig hægt að fá morgunverð og hádegisverð.

Vefsíða: glassboat.co.uk

Pieminester

Ekki verður komist hjá því að nefna veitingastaðinn Pieminester sem, eins og nafnið gefur til kynna, býður upp á bökur. Staðurinn hefur hlotið verðlaun fyrir bökurnar sínar sem þykja með þeim betri í Bretlandi. Pieminester er vinsæll staður meðal yngri kynslóðarinnar, þar eru innréttingarnar fremur hráar og grófar, maturinn er borinn fram í emileruðum ílátum á grófum trébrettum og óhætt að segja að andrúmsloftið sé

afslappað. Úrvalið af bökum er gott og hér fá bæði kjöt- og grænmetisætur eitthvað við sitt hæfi. Eftirréttirnir eru að sjálfsögðu líka bökur, eða öllu heldur ísbökur. Ég mæli eindregið með epla-cider til að skola bökunum niður, enda passar hann vel með. Héraðið er þekkt fyrir epla-cider sem er hægt að fá í mismunandi styrkleikum, ég mæli með Somerset Cider frá BURROW HILL sem er ósætur og skemmtilega rammur.


www.pieminester.co.uk.

The River Grill

Þessi veitingastaður er á The Bristol Hotel niðri við Prince Street en hann snýr beint út að ánni. Gluggarnir ná alveg niður í gólf og því er útsýnið skemmtilegt og gaman að fylgjast með iðandi mannlífinu við ána.



” Í Clifton er hin fræga hengibrú, sem er eitt helsta kennileiti Bristol og þar eru litlar götur með fallegum búðum.“





VERNDAÐU HÚÐINA ELSKAÐU STRÖNDINA



LAUST VIÐ
OCTINOXATE & OXYBENZONE



protect &
moisture



Gestgjafinn

FERÐALÖG

The River Grill er talið vera meðal bestu veitingastaðanna í Bristol, þar er stundum lifandi tónlist og stemningin er „elegant“. Matseðillinn miðast yfirleitt við árstíðabundið hráefni úr heimabyggð en þó er alltaf boðið upp á nautakjöt, frá West Country Beef, sem hefur verið látið standa í 28 daga. Ef valið á eftirréttnum verður ostabakkinn þá mæli ég með einum fyrir tvo þar sem hann er verulega vel útlátinn. Ég ráðlegg fólki að panta borð á The River Grill, sér í lagi um helgar.

Vefsíða: doylecollection.com/hotels/the-bristol-hotel/dining.

The Ox

Þessi staður þykir með betri steikarstöðum í Bristol. The Ox er gríðarlega vinsæll, enda mikil stemning á staðnum sem er reyndar líka bar og því hægt að fá sér steik með góðum kokteil. Umhverfið er töff, allt dökkmálað og borð og stólar úr dökkum við. Lampar eru um allt og myndir og speglar prýða vegg. Þetta er staður fyrir alla alvörusælkera sem eru sólgirnir í gæðasteik. Ég mæli með því að panta borð með góðum fyrirvara.

www.theoxbristol.com

Michelin-staðir í Bristol

Í Bristol er að finna tvo veitingastaði með eina Michelin-stjörnu hvor. Casamia er annar en hann er á Lower Guinea Street. Þessi staður er rekinn af tveimur bræðrum að nafni Sanchez. Bræðurnir leggja áherslu á árstíðabundið hráefni og skipta því út matseðlinum a.m.k. fjórum sinnum á ári. Þetta er staður fyrir þá sem vilja njóta matargerðar í hæsta gæðaflokki. Hinn staðurinn, sem einnig er með eina Michelin-stjörnu, heitir Wilks Restaurant og er í Clifton-hverfinu. Staðurinn er nútímalegur og hlýlegur en afar afslappaður. Áherslurnar í matargerðinni eru á hráefni úr nærumhverfinu sem unnið er með á skapandi hátt. Stundum sýna listamenn handverk sitt á staðnum svo sköpun er þeim ofarlega í huga. Margir halda að staðir með Michelin-stjörnur séu brjálæðislega dýrir en bæði á Casamia og Wilks er hægt að fá rétti á sanngjörnu verði, sér í lagi í hádeginu. Ég mæli með því að panta borð á báða þessa staði.

Vefsíður: wilksrestaurant.co.uk, casamiarestaurant.co.uk.



Barir

Mud Dock Café

Er skemmtilegur bar og matsölu- staður með frábæru útsýni yfir ána Avon. Inni er allt í fremur hráum stíl og í loftinu hanga hjól því Mud Dock er einnig hjólreiðaverslun og verkstæði, svoltið skemmtileg blanda. Hér er því hægt að kaupa hjól og skella sér svo í gott hanastél til að fagna kaupunum! Mud Dock Café er staðsett á 40 The Grove, Bristol.

The Milk Thistle

Þessi bar er einn mest „inn“ barinn í Bristol og kannski ekki að furða. Barinn er í gömlu húsi upp á fjórar hæðir, vel falinn frá almenningi, bara lítill hurð sem þarf að

„Lykilatriðið er að fá að sitja úti í góðu veðri og njóta útsýnisins og það er aldrei að vita nema einn eða fleiri loftbelgir heiðri gesti með nærveru sinni.“

banka á. Dökkir litir, djúpir leðurstólar, fallett tréverk og steindir gluggar prýða þennan bar og ekki spillir úrvalið af spennandi drykkjum fyrir. Allt áhugafólk um drykki og góða stemningu í geggjúðu umhverfi ætti ekki að láta þennan stað fram hjá sér fara. Nauðsynlegt er að bóka borð.

Vefsíða: milkthistlebristol.com.

Pöbbar á King Street

King Street er skemmtileg gata sem iðar af lífi og þá sérstaklega í kringum alla pöbbana og barina. Þarna er að finna nokkur skemmtileg brugghús, eins og King Street Brew House og The Famous Royal Navy Volunteer.

Clifton White Lion Bar og Goram & Vincent

Clifton er hverfi í Bristol sem staðsett er uppi á hæðinni fyrir ofan miðbæinn og það tekur ekki nema fimm mínútur með bíl að fara þangað og er það vel ferðarinnar virði. Í Clifton er hin fræga hengibrú, sem er eitt helsta



Anna Cake Couture

Þetta pínulitla bakarí/kaffihús í Clifton, er dásamlegt í alla staði. Hægt að fá gott kaffi með ýmsu sætmeti, eins og makrónum og canelé. Kruðerið hjá Önnu gleður ekki bara bragðlaukana heldur líka augað. Hægt er að fara á námskeið í kókuggerð og skreytingum hjá Önnu.

Vefsíða: thisisanna.co.uk.

kennileiti Bristol, og þar eru litlar götur með fallegum búðum, dýragarður og einstaklega mörg falleg hús byggð í viktorískum og georgískum stíl. Þeir sem heimsækja Clifton ættu annaðhvort að fara á White Lion Bar eða Goram & Vincent til þess eins að sitja úti á veröndinni og horfa yfir hálsinn þar sem hengibrúin er. Þessir staðir eru báðir á Avon Gorge-hótelinu, annar er bar en hinn matsölustaður. Það er í raun sama á hvorn staðinn farið er, lykilatriðið er að fá að sitja úti í góðu veðri og njóta útsýnisins og það er aldrei að vita nema einn eða fleiri loftbelgir heiðri gesti með nærveru sinni.

staðir eru báðir á Avon Gorge-hótelinu, annar er bar en hinn matsölustaður. Það er í raun sama á hvorn staðinn farið er, lykilatriðið er að fá að sitja úti í góðu veðri og njóta útsýnisins og það er aldrei að vita nema einn eða fleiri loftbelgir heiðri gesti með nærveru sinni.

Hótel

Mercure Bristol Holland House. Notalegt fjögurra stjörnu hótél með stórum herbergjum, smekklega innréttuðum. Hótelið er í u.p.b. 5 mín. göngufæri frá ánni.

The Bristol Hotel, Prince Street. Fallegt fjögurra stjörnu hótél niður við ána þar sem mannlífið iðar og auðvelt er að finna matsölustaði, bari og kaffihús.

Vefsíða: doylecollection.com/hotels/the-bristol-hotel.

B&B eða Bed and Breakfast er vinsælt í Bretlandi og skemmtileg tilbreyting frá venjulegri hótélgingu. Þeir sem vilja vera í hinu gífurlega fallega og rólega Clifton-hverfi ættu að skoða B&B hjá Number Thirty Eight, það er dásamlegt.

Vefsíða: number38clifton.com.



VALABLIS | TIL MEÐFERÐAR VIÐ FRUNSUM

- INNIHELDUR VALACÍKLÓVÍR • ÓÞARFI AÐ KOMA VIÐ SÝKT SVÆÐI • TVEIR SKAMMTAR Á 12 TÍMUM
- FYRSTA LYFIÐ TIL INNTÖKU FÁANLEGT Í LAUSASÖLU • EKKI SJÁANLEG MEÐFERÐ Á VÖRUM

Valablis 500 mg filmuhúðaðar töflur. Ábendingar: Valablis er notað til að meðhöndla frunsur hjá heilbrigðum einstaklingum með eðlilega nýrnastarfsemi sem eru 18 ára og eldri og hafa áður verið greindir af lækni með áblástur (frunsur) og þurfa endurtekna meðferð vegna áblásturs. Lyfið virkar með því að drepa eða stöðva vöxt veira sem

kallast herpes simplex. Dagsetning endurskoðunar textans: 8. febrúar 2017. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

FÆST ÁN LYFSEDILS Í NÆSTA APÓTEKI | LESIÐ FYLGISEDILINN FYRIR NOTKUN

alvogen.is



LEGSTEINAR

Í MIKLU ÚRVALI



GRANÍT
STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is



Fjörufjör með börnum

Ef börn eru spurð hvort megi bjóða þeim í fjörufjör er svarið undantekningarlaust: JAHÁ. Slíkar ferðir eru örugglega eitt það skemmtilegasta sem hægt er að gera með fjölskyldunni. Þær bjóða upp á að nýta sköpunarkraft ungra sem aldinna og lítil hætta er á að umhverfið skemmist þótt verið sé að kveikja eld, grafa holur eða tálga spýtur sem finnast í fjörinni.

Fjörufjör þarf ekki að kosta mikið og með lítilli fyrirhöfn er hægt að útbúa nesti sem hægt er að füllelda í fjörinni og úr því verður mesta fjör. Enginn hörgull er á skemmtilegum fjörum um allt landið. Margar þeirra eru í næsta nágrenni við höfuðborgina og jafnvel í henni sjálfri. Nægir að nefna Gróttu á Seltjarnarnesi sem er geysilega skemmtilegt útvistarsvæði eða Álftanes. Ef fara út fyrir höfuðborgina og í fjöru einhvers staðari uppi í sveit þá er

vert að hafa í huga að sækja um leyfi á næsta bæ, sér í lagi ef grafa á holur eða kveikja eld, svo ekki sé talað um kræklingatínslu. Hér eru nokkrir skemmtilegir hlutir sem hægt er að gera með börnum í fjörufjör.



„Enginn hörgull er á skemmtilegum fjörum um allt landið.“



Sniðugt að grilla á spýtum

- Pylsur
- Sykurpúða
- Ananas
- Paprikur
- Mangó
- Brauð
- Sveppi
- Kúrbít
- Nautakjötsbita
- Lambakjötsbita

Nokkrir leikir sem hægt er að fara í í fjörinni

- Fleyta kerlingar
- Strandablak
- Rattleikur
- Flöskustútur
- Hver stal kökunni úr krúsinni á gær
- Fleyta spýtur: Sá sem á spýtuna sem fer lengst út vinnur

- Reipitog
- Steinakast. Einum steini er stillt upp og sá sem getur kastað sínum steini næst honum vinnur.

14 góðir hlutir til að hafa með í fjörufjörina

- Blómavír
- Álpappír
- Kol og olía

- Eldspýtur
- Teppa
- Ílát
- Blautpurkur
- Vasahnífur
- Fötur til að tína skeljar í
- Trjágreinar
- Myndavél
- Gítar
- Söngbók
- Góða skapið



Stúdíó Birtingur
Í SAMSTARFI VIÐ
VISITOR

Skemmtilegar hópferðir við allra hæfi

Árshátíðarferðir og skemmtilegar hópferðir eru sérgrein ferðaskrifstofunnar Visitor.

Ferðaskrifstofan Visitor hefur um ellefu ára skeið skipulagt árshátíðarferðir og skemmtilegar hópferðir fyrir fyrirtæki og ýmsa hópa með góðum árangri. Nú er rétti tíminn til að skipuleggja ferðir haustsins og næsta vetrar, segir Guðrún St. Svavarsdóttir, verkefnastjóri hópadeildar Visitor, enda hefur framboð af flugsætum minnkað og þá skiptir máli fyrir hópa að huga sem fyrst að pöntunum áður en allt selst upp eða verð hækkar of mikið. „Sérsvið okkar snýr að skipulagningu hópferða til útlanda og má þar helst nefna sérsniðnar árshátíðarferðir fyrir stór og smá fyrirtæki og einnig ferðir fyrir vinahópa, félagasamtök, saumaklúbba og aðra hópa sem vilja eiga skemmtilega daga saman erlendis. Þá sjáum við um ferðina frá a-ö, allt frá því að bóka flug og gistingu, bóka ferðir til og frá flugvelli, sjá um árshátíðarkvöldverð, skemmtatriði, veislustjóra og tónlistaratriði auk þess að bóka skoðunarferðir fyrir hópinn. Með stærri hópum fylgir starfsmaður Visitor með í ferðina til að vera hópnum innanhandar.“



„Nú er rétti tíminn til að skipuleggja ferðir haustsins og næsta vetrar,“ segir Guðrún St. Svavarsdóttir, verkefnastjóri hópadeildar Visitor. Ljósmynd / Hredds

Vinsælustu árshátíðarferðir síðustu ára hafa verið til Berlínar, Brighton, Dublin og Heidelberg, að sögn Guðrúnar, en einnig hafa Varsjá, Gdansk og Búdapest verið mjög vinsælir viðkomustaðir.

Enski boltinn vinsæll

Þegar kemur að enska boltanum býður Visitor upp á gott úrval fótboltaferða en þær eru alltaf jafnvinsælur, segir Guðrún. „Flestar fótboltaferðirnar eru á leiki með

Manchester United, Arsenal og Liverpool. Við getum þó útvegað miða á alla leiki í ensku deildinni en við eigum miða á hvern einasta leik hjá þessum stóru liðum. Á dögunum gerði Arsenalklúbburinn á Íslandi samning við okkur um ferðir á þeirra vegum svo stuðningsmenn þeirra munu hafa gott aðgengi að ferðum á Emirates-leikvanginn á næstu leiktið. Einnig

má nefna að mörg íþróttafélög leita til okkar en þau ferðast mikið með flokkana sína í keppnis- og æfingaferðir á okkar vegum.“

Alltaf uppselt

Tónleikaferðir Visitor hafa verið vinsælar undanfarin ár og verið uppselt í þær allar, að sögn Guðrúnar. „Það eru flottar ferðir fram undan en þar má helst nefna

tónleika með Cher sem verða haldnir í Berlín næsta haust. Fararstjórar þar verða engir aðrir en Friðrik Ómar og Jógvan Hansen. Mánuði síðar höldum við svo til Kaupmannahafnar að sjá Michael Bublé en það eru danshjónin Jói og Thea sem verða fararstjórar ferðarinnar.“

Í desember verður hópferð á Heimsmeistaramótið í pílukasti undir stjórn Páls Sævars Guðjónssonar en nú þegar er kominn langur biðlisti á þennan magnaða viðburð. „Svo má nefna eina spennandi nýjung hjá okkur fyrir þá sem vilja komast í sólina en samt hreyfa sig í fríinu. Um er að ræða hreyfiferð með Ólöfu Björnsdóttur til Cambrils Park í Salou á Spáni, dagana 17. –24. september.“

Ferðaskrifstofan Visitor var stofnuð af Þorbjörgu Sigurðardóttur, öðru nafni Obby, en starfsfólk fyrirtækisins býr yfir 50 ára reynslu í skipulagningu á árshátíðarferðum, tónleikaferðum og íþróttiferðum. „Við erum á fullu þessa dagana að svara fyrirspurnum um ferðir í haust en einnig eru fyrirspurnir byrjaðar að berast vegna ferða eftir áramót og fram á vor.“

„Við erum á fullu þessa dagana að svara fyrirspurnum um ferðir í haust en einnig eru fyrirspurnir byrjaðar að berast vegna ferða eftir áramót og fram á vor.“

Frekari fyrirspurnir má senda á hopar@visitor.is og nánari upplýsingar má finna á www.visitor.is.



asics®



HOKA ONE ONE



ÞÚ FÆRÐ ALLT FYRIR HLAUPIÐ Í SPORTÍS! - FAGLEG ÞJÓNUSTA

HOKA - ARAHI

Frábærir stöðugir hlaupaskór fyrir styttri og lengri hlaup.

Miðsólinn þróaður með sk. meta- rocker tækni sem eykur dempun og hjálpar fótunum í framskrefunum.

Drop: 5mm. þyngd 272 gr.



HOKA - Speedgoat

Magnaðir utanvega skór sem er mjög stöðugir þar sem hann er byggður á ögn breiðari sóla og stuðlar á þann hátt að meira öryggi við erfiðar aðstæður. Vibram sólinn er sérstaklega stamur með 5mm tökkum sem veita mjög gott grip.



HOKA - CLIFTON

Frábærir stöðugir hlaupaskór miðsólinn þróaður með sk. meta- rocker tækni sem eykur dempun og skilar krafti til baka.

EVA miðsólinn gefur fullkomna dempun og stöðugleika.

Drop: 5mm - þyngd 216 gr.

Asics - Kayano 25

Innanfótar styrktur hlaupaskór sem hentar fullkomlega í bæði löng sem stutt hlaup.

Einnig henta þeir vel í göngu eða í dags daglega notkun.

Drop: 10mm - þyngd 335 gr.



Asics - Nimbus 21

Hlutlaus hlaupaskór sem henta fullkomlega í bæði stutt og löng hlaup.

Einnig henta þeir vel í göngu eða í dags daglega notkun.

Drop: 10mm - þyngd 285 gr.



ULTRASPIRE HLAUPAVESTI

Létt yfir bringusvæðið og gerir allar hreyfingar þægilegar.

Vasi fyrir brúsa að framan. 2 ltr. vatnsgeymir á bakinu og hefur rennda vasa fyrir alla nauðsynlegustu hlutina.



casall®



KARI TRAA®

Flott úrval af hlaupa- og æfingafatnaði fyrir konur frá Casall og Kari Traa.



MIIEGO SPORT HEYRNARTÓL

Þægileg og passa vel. Detta ekki af við hreyfingu og æfingar. Vatns og svitaheldin. Sveiganleg og hægt að brjóta saman í vasa.

SPORTÍS

MÖRKIN 6 - 108 RVK - S: 520-1000 - SPORTIS.IS 

Þar sem ólíkir menningarheimar mætast

Texti / Sigríður Elín Ásmundsdóttir
Myndir / Johan Vancutsem



Sigurbjörg Pálsdóttir innanhússarkitekt starfaði hjá IKEA í mörg herrans ár og ekki bara á Íslandi heldur víða um heiminn. Sigurbjörg býr núna í Leuven í Belgíu ásamt manni sínum Peter Krumhardt sem er danskur arkitekt. Þau hafa búið sér og sínum fallegt og framandi heimili sem litast af flakki þeirra um heiminn. Við heyrðum í Sigurbjörgu og spurðum hana út í lífið í Belgíu og fyrirtækið Pals&Co sem hún stofnaði eftir að hafa búið í Jórdaníu í nokkur ár og heillast af handverkinu, menningunni og fólkinu þar í landi.

Ég flutti til Belgíu sumarið 2014, minn elskulegi maður, Peter, hafði þá unnið hjá IKEA í Belgíu í sjö mánuði eftir margra ára starf í Danmörku og Bretlandi. Ég var þarna búin að vera ein í Jórdaníu og Kúveit að setja upp nýjar IKEA-verslanir og þjálfa nýtt starfsfólk í næstum því þrjú ár og mig langaði að fara heim eftir dásamlegan tíma í Mið-Austurlöndum,“ segir hún.

Hvað var það við þessa íbúð í Leuven sem heillaði þig? „Ég skoðaði hana á Netinu þegar ég var í Jórdaníu, skipulagið og lofthæðin heillaði mig strax og þessi grófi verksmiðjustíll, gluggarnir eru

líka svo fallegir og svo fannst mér heillandi að vera nánast miðsvæðis í svona gamalli, fallettri borg. Húsið er í grunninn gömul vindlaverksmiðja frá 1875 og voru það Jaspers-Eyers, arkitektar sem endurhönnuðu húsið,“ segir Sigurbjörg.

Hönnun frá ólíkum löndum

Hvernig myndir þú lýsa stílnum á heimilinu? „Þetta er bara okkar stíll. Við erum með hönnun og hluti frá ólíkum löndum og frá mismunandi tímum, í alls konar litum frá ólíkum stöðum sem við höfum ferðast til og búið á. Ég myndi segja að á heimili okkar hér í Leuven tengist margir menningarheimar í ólíkri hönnun og

”

„Ég myndi segja að á heimili okkar hér í Leuven tengist margir menningarheimar í ólíkri hönnun og handverki sem koma alls staðar að úr heiminum nánast.“

Johan ljósmyndarinn sem myndaði íbúðina tók einnig margar af þeim myndum sem prýða veggum heimilisins. Sigurbjörg kynntist honum þegar hún heimsótti stúdíóið hans þar sem hann var með svo fallegar myndir frá Íslandi og Mið-Austurlöndum.





Egg klætt leðri er á sérstöku tilboðsverði*



15%

afsláttur af öllum pöntunum frá Montana

Tveir sérfræðingar verða í verslun okkar 13. - 15. júní

FRITZ HANSEN
Montana

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is



20%

afsláttur af TV einingum frá Montana



15%

afsláttur af öllum vörum frá Fritz Hansen



*Egg leður wild/extreme

„Andinn á heimilinu skiptir mestu máli finnst mér, að gestir og íbúar finni ást og alúð á heimilinu.“




handverki sem koma alls staðar að úr heiminum nánast. Getum sagt að Ísland og Danmörk mæti Mið-Austurlöndum. Í hillunni okkar erum við til að mynda með Arne Jacobsen og antík frá Jórdaníu og margt fallett sem ég hef keypt á mörkuðum. En samt er líka stór hluti af okkar heimili hönnun mannsins míns, Peter Krumhardt, eins og til dæmis borðstofuborðið, stólar, vinnuborðið og barstólarnir sem eru framleiðsla Pals&Co. Teppin og púðarnir á heimilinu eru einnig hönnun Pals&Co og flest annað er annaðhvort klassísk hönnun eða hlutir sem við höfum fundið og heillast af á til dæmis mörkuðum.“

Stofnaði eigið hönnunarfyrirtæki

Þegar Sigurbjörg kom til baka til Íslands eftir nám vann hún hjá IKEA sem útsýllingastjóri í sex ár. „Það var dásamlegur tími. Svo vann ég hjá IKEA í mörgum öðrum löndum og það var ótrúleg reynsla að vera hluti af þessu flotta fyrirtæki, ég elskaði hverja stund í vinnunni og fékk flott verkefni sem yfirmaður og starfaði hjá þeim í 26 ár. Ég get ekki ímyndað mér betri skóla en IKEA.“ Sigurbjörg er núna með sitt eigið fyrirtæki

ásamt manni sínum. Hvernig kom það til að þið stofnuðuð Pals&Co? „Þegar ég opnaði IKEA í Amman árið 2014, hafði ég þjáfað og hitt svo flott ungt fólk í Jórdaníu og þarna prófaði ég að búa í samfélagi sem er svo ólíkt því sem ég var vön og það var oft skritið og erfitt en ég naut þess líka og lærði mikið. Mig langaði að flytja nær fólkinu mínu sem býr á Íslandi og í London en fannst samt erfitt að skilja alveg við vini mína í Jórdaníu. Ég ákvað því á þessum tímamarki að hætta hjá IKEA og stofna eigið fyrirtæki og þá hafði ég frelsi og gat áfram átt í samskiptum við hæfileikaríku vini mína í Jórdaníu og komið handverki þeirra og hönnun áfram í gegnum mitt fyrirtæki. Mín hugmyndafræði er svoltið að tengja ólíka menningarheima og í framtíðinni langar mig að vinna miklu meira með íslenskum hönnuðum því það er svo margt frábært í gangi hjá þeim og á Íslandi,“ svarar hún brosandi.

„Það er merkilegt hvað góð hönnun getur hjálpað okkur við að eiga betra líf. Hönnun snýst ekki bara um hvernig þú gerir heimilið fallegra, það snýst líka svo mikið um það hvernig þú gerir líf þitt auðveldara,“ bætir hún við að lokum.



HÚS OG HÍBÝLI

Hús og híbýli er vandað og rótgróið tímarit um íslensk heimili og hönnun.

Tryggðu þér áskrift á mannlif.is/askriftir ★ www.husoghibyli.is



Walk-in N

Öryggi og vellíðan


Stilhrein sturta.
Sturtubotn fánlegur í
mörgun stærðum og litum.
Sturtuveggur með væng,
8mm hert öryggisgler.

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is 

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

- fyrir þitt heimili



Svalandi og sætir heimagerðir íspinnar

Mun auðveldara er að búa til íspinna en margan grunar og það er sérlega skemmtilegt að nota til þess ýmiss konar sumarlegt hráefni. Hér deili ég uppskriftum að tveimur uppáhalds íspinnunum mínum en annar þeirra er fullorðins íspinni með freyðivíni.

Fullorðins íspinnar með freyðivíni eru frábærir í garðinn þegar sólin lætur loksins sjá sig. Jarðarberja- og jógúrt- íspinnarnir slógu rækilega í gegn enda voru íslensku jarðarberin fersk og sérlega bragðgóð en þessi íspinni hentar vel fyrir börnin. Hins vegar lenti ég í smávegis vandræðum með að finna góð íspinnaform, ég fann nokkur ágæt en ekki alveg það sem ég var að leita eftir. Þó að ég styðji vissulega íslenska verslun getur verið sniðugt að panta íspinnaform á Netinu, þar sem þau fást í öllum stærðum og gerðum.

Hindberja- og ferskjú íspinnar með freyðivíni fyrir 6-8

Hindberjalag
300 g frosin hindber
180 ml freyðivín
55 g sykur
sjávarsalt, á hnífsoddi

Setjið hindber, freyðivín, syk-ur og salt saman í blandara og maukið þar til allt hefur samlagast vel. Skiptið maukinu á milli íspinnamóta og frystið á meðan ferskjulagið er búið til.

Ferskjulag
500 g ferskjur í dós
300 ml freyðivín
80 g sykur

Setjið ferskjur, freyðivín og sykur saman í blandara og maukið þar til allt hefur samlagast vel. Fyllið íspinnaformin með ferskjublöndunni. Lokið og stingið íspinnunum ofan í blönduna. Frystið þar til íspinnarnir eru frosnir í gegn, eða í að minnsta kosti 4 klst. Gott er að dýfa formunum örlítið í heitt vatn til að losa ísinn frá rétt áður en hann er borinn fram.



Hindberja- og ferskjú íspinnar með freyðivíni.

„Fullorðins íspinnar með freyðivíni eru frábærir í garðinn þegar sólin lætur loksins sjá sig.“



Jarðarberja- og jógúrt íspinnar.

Jarðarberja- og jógúrt íspinnar fyrir 6-8

Með því að elda jarðarberin kemur gott sultað jarðarberjabragð af íspinnunum sem minnir jafnvel á gamaldags jarðarberjagraut. Hægt er að skipta jógúrtinni út fyrir kókosmjólk og gera íspinnana þannig væna fyrir þá sem borða ekki mjólkurvörur.

450 g jarðarber
2-3 tsk. balsamedik
120 ml hlýnsíróp
240-300 ml grísk jógúrt, má nota kókosmjólk ef vill
1 tsk. vanilludropar
sjávarsalt á hnífsoddi

Hitið ofn í 180°C. Hreinsið jarðarberin og raðið þeim á bökunarplötu með smjörpappír. Hellið balsamediki yfir berin og eldið þau í ofninum í 15-20 mín. Látið kólna í 10 mín. á plötunni og setjið síðan í skál ásamt safanum sem myndast hefur á plötunni. Látið berin ná stofuhita og setjið þau síðan í blandara með 60 ml af hlýnsírópi. Maukið í stuttum slögum, blandan á ekki að vera alveg samlöguð heldur frekar gróf.

Blandið saman í skál grísku jógúrtinni og restinni af hlýnsírópinu. Hrærið vanillu og salt saman við og bragðbætið með hlýnsírópi eftir smekk. Setjið 1 msk. af jarðarberjablöndu í hvert íspinnaform og látið 1 msk. af jógúrtblöndunni ofan á jarðarberin. Endurtakið ferlið þar til formin eru orðin full. Frystið í 30 mín. og takið síðan út til að losa formunum og setjið íspinna ofan í mótin. Ísinn verður að ná að frjósa örlítið þannig að pinninn haldist á sínum stað. Frystið áfram í 4 klst. eða yfir nótt. Látið heitt vatn renna á formin í örlitla stund til að losa ísinn frá rétt áður en hann er borinn fram.





Lífsstíll
MINN STÍLL



Umsjón / Guðrún Óla Jónsdóttir
Mynd / Hallur Karlsson

Kýs frekar eina gæðaflík – en margar sem duga skemur

Valdís Dröfn Pálsdóttir, eigandi hárgreiðslustofunnar Rauðhetta & úlfurinn, segir stíl sinn einkennast af gallabuxum, skyrtu og flatbotna skóm. Hún kjósi þægindi fram yfir útlit og sér líði best í kósígallanum og ullarsokkum. Valdís Dröfn leyfði okkur að kíkja í fataskápinn sinn.



„Þessan kjól fékk ég frá Mæju mágkonu minni og held mikið upp á.“



„Skórnir sem ég gifti mig í hafa mikið tilfinningalegt gildi fyrir mig. Fyrrverandi tengdamamma mín gaf mér þá en hún gifti sig líka í þeim.“



„Þessa skyrtu, eða kjól, keypti ég úti í Mumbai á Indlandi. Ég keypti líka víðar pokabuxur og slæðu við.“



Uppáhaldsflíkin? „Boss-skyrtukjöllinn minn.“



Nýjustu kaupin í fataskápnum? „Síðerma bolur sem ég keypti í Húrra.“



Ég fer beint í kósígallann og ullarsokkana þegar ég kem heim úr vinnunni. Þannig líður mér best.

”

„Ég hef aldrei keypt flík á Netinu. Ég er frekar léleg í tækninni.“

Hér heima versla ég helst í Zara en erlendis kaupi ég það sem mér finnst fallegt hverju sinni. Ég kýs frekar eina gæðaflík en margar sem duga skemur,“ segir Valdís Dröfn. „Ég hef aldrei keypt flík á Netinu. Ég er frekar léleg í tækninni.“

Að hennar mati eru ullarsokkar skyldueign í fataskápnum. „Ég fer beint í kósígallann og ullarsokkana þegar ég kem heim úr vinnunni. Þannig líður mér best. Annars einkenna gallabuxur, skyrtu og flatbotna skór minn stíl. Ég fell samt oftast fyrir samfestingum.“

Aðspurð hvað henni finnst skemmtilegast að kaupa svarar hún að sér finnst skemmtilegast að kaupa fót á börnin sín. Þegar blaðamaður spyr hvað sé leiðinlegast að máta segir Valdís Dröfn að það fari eftir hugarfarinu. „Það er gaman að máta allar flíkur þegar maður er í rétta girnum. Og öfugt.“

Fullt nafn: Valdís Dröfn Pálsdóttir. **Starfsheiti:** Hársnyrtir og fördunarfræðingur. Eigandi hárgreiðslustofunnar Rauðhetta & úlfurinn. **Aldur:** 34 ára. **Áhugamáli:** Að ferðast, elda góðan mat og útivist. **Fallegasti fataliturinn?** Rauður og gylltur. **Besta lykt í heimi?** Rituals – Cherry Blossum. **Þægindi eða útlit?** Þægindi allan daginn (eftir vinnu).

VIKAN

Vikan er fjölbreytt, fræðandi og skemmtileg.

Tryggðu þér áskrift á mannlíf.is/askriftir ★ www.vikan.is



Finndu FERSKLEIKANN



fresco

Suðurlandsbraut 4 og Bláu húsunum Faxafeni



Albumm

AFÞREYING



Texti / Steinar Fjeldsted



Dansunnendur ættu ekki að missa af þessu

Tónlistarmaðurinn **YAMBI** sendi nýverið frá sér lagið **Start With Tonight** með systrunum í hljómsveitinni **Storm & Stone** frá Ástralíu og nú er komið út myndband við lagið.

Myndbandið er unnið af **Birgi Ólafí** og í því koma fram dansararnir **Sandra Björk, Helga Sigrún** og



Bergdís Rún, sem er jafnframt höfundur dansins. Óhætt er að segja að dansinn komi vel út og því ættu

dansunnendur ekki að láta þetta myndband fram hjá sér fara. Hægt er að sjá myndbandið á **Albumm.is**.

Sumarsmellur frá glænýjum Íslenskum tónlistarmönnum



Fyrir stuttu gáfu tónlistarmennirnir **Baldur Dýrfjörð** og **Róbert** út sitt fyrsta tónlistarmyndband við lagið **Komdu út**. Drengirnir hafa báðir stundað lagasmíðar frá grunnskólaaldri en leiddu saman hesta sína fyrir rúmlega ári og hafa verið að gera saman tónlist síðan. Myndbandið er tekið upp á Suðurlandi og í því er notast frumlega við pallbíl, hoppkastala og fleira sumarlegt. Leikstjórar myndbandsins eru **Kjartan Örn Bogason, Sölvi Viggósson Dýrfjörð** og **Baldur Dýrfjörð**. Lagið er væntanlegt á Spotify en hægt er að sjá myndbandið á **Albumm.is**.

„Þetta er frekar persónuleg plata“

Hljómsveitin Vök sendi frá sér fyrr á þessu ári plötuna In the Dark en þetta er önnur plata hennar. Platan er nokkuð frábrugðin fyrri plötu sveitarinnar, Figure, sem er meira „mellow electropop“. Albumm hitti á Margrét Rán, söngkonu Vakar, og byrjaði að spyrja hana hvernig það kom til að gera seinni plötuna meira dúndrandi poppsmell.

Texti / Sigrún Guðjohnsen Mynd / Sigga Ella

Mér finnst ótrúlega mikilvægt að fylgja sinni líðan þegar kemur að því að skapa. Þegar við byrjuðum að safna saman demóum og fórum með þau í stúdíóið, mynduðu þau svona ákveðna heild og voru í rauninni bunki af popplögum. „útskýrir Margrét, en bætir svo við að þótt hún hafi verið skíthrádd við þetta þá hafi hún svo hugsað með sér að hún væri búin að semja þetta – þetta væri bara annað tímabil hjá bandinu. „Þannig að það er aldrei að vita hvað kemur næst. Við vorum búin að gera þessar draumkenndu elektrónísku plötur áður, þannig að þetta skref meikar alveg 100% sens,“ segir hún sátt við útkomuna.

Tilfinningar sem þurfti að tjá

Textarnir á plötunni eru um persónulega hluti sem Margrét gekk í gegnum þegar platan var unnin. „Þetta eru tilfinningar sem maður þurfti að losa sig við út í kosmósinn og hlutir sem við Einar þurftum að tjá okkur um,“ segir hún en Einar sem er trommari sveitarinnar vann textana með henni. Þau sátu yfirleitt í stúdíóinu og töluðu um tilfinningar og skrifuðu. „Eins og Spend the love er um neytandann og að þurfa alltaf að eignast hluti frekar en dreifa ástinni. Fantasia er um samfélagsmiðlanna og fullkomnu ímyndina sem maður fær bara að sjá,“ útskýrir hún.

Um mánuði eftir að platan kom út var pakkað niður í töskur og túr hófst um Evrópu sem Margrét segir að hafi verið sá erfiðasti hingað til, en hljómsveitin hefur túrað mikið um heiminn. „Það gekk í rauninni mjög vel en þessi túr var með þeim erfiðari sem við höfum farið í því hann var svo þétt setinn. Við spiluðum nánast „non stop“ í þrjár vikur og það tók á taugarnar hjá fólki. En öllum heilsaðist vel, við fengum rosa-lega góð viðbrögð frá fólki og við skiluðum okkar sýningu vel,“ segir hún. Spurð hvaða borg hafi staðið



Margrét Rán, söngkona í hljómsveitinni Vök, segir að mikilvægt sé að fylgja líðan sinni þegar kemur að því að skapa.



„Þetta eru tilfinningar sem maður þurfti að losa sig við út í kosmósinn og hlutir sem við Einar þurftum að tjá okkur um.“

upp úr segir hún að Berlín hafi verið eftirminnilegust. „Ég elska Berlín. Við komum í sól og 18 stiga hita og náðum að eiga yndislegan dag þar og njóta þess að vera mannleg,“ segir hún og hlær. „Brighton var líka æði, svo mikil hippastemning þar.“

Próduðerar aðra

Spurð hver munurinn sé að spila á Íslandi og úti í heimi, segir hún að einhvern veginn sé hún meðvitaðri um sjálfan sig hérna heima því það klikki yfirleitt ekki að þú þekkir nokkur andlit sem eru að horfa á þig.

Hvað er svo fram undan? „Semja meiri tónlist, ferðast um Ísland og njóta sumarsins, svo spilum við nokkur gigg hérna heima á næstuni,“ segir hún og bætir við að hún sé líka að pröduðera nokkra tónlistarmenn. „Það verður gaman að sjá hvað kemur út úr því.“

Hljóðrituðu alla plötuna upp á nýtt

Nú á dögum kom út önnur breiðskífa svartmálshljómsveitarinnar **Misþyrmingar, Algleymi**.



Platan hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda og lenti meðal annars í 11. sæti World Albums-lista Billboard. Þykir Algleymi vera stórt stökk upp frá síðustu plötu hljómsveitarinnar, Söngvum elds og óreiðu (2015), en sveitin, sem hefur verið starfsrækt frá 2014, hefur notið velgengni frá útgáfu hennar.

Upptökur Algleymis hófust árið 2016 en í byrjun árs 2017, þegar platan var tilbúin voru meðlimir Misþyrmingar ekki nógu ánægðir með útkomuna og ákváðu því að hljóðrita alla plötuna upp á nýtt. Varð þetta til þess að gerð plötunnar tók heil þrjú ár. Var Algleymi hljóðrituð af forsprakka hljómsveitarinnar, D.G. Platan var masteruð í Orgone Studios í Bretlandi af Jamie Gomez Arellano og hún er skreytt málverki eftir Manuel Tinnemans, sem hefur unnið með virtu tónlistarfólki innan svarmálmssveirans, s.s. Deathspell Omega og Urfaust.

Misþyrming kemur fram á Ascension-hátíðinni í Mosfellsbæ en þar munu fremstu svartmálsmssveitir Íslands troða upp, sem og erlendar sveitir dagana 13.-15. júní. Hljómsveitin mun síðan halda á tónleikaferðalag um Evrópu í september til að fagna útgáfu Algleymis.

Algleymi er aðgengileg á öllum helstu streymisveitum eins og Spotify, YouTube og á Albumm.is. Einnig kom platan út á vinyll og geisladisk en kassettuútgáfa kemur síðar á árinu.

Albumm mælir með



Pétur Eggertsson leiðir saman fólk og hluti

Í **Mengi** í kvöld, föstudaginn 14. júní, leiðir **Pétur Eggertsson** saman allskonar fólk og gefur sýnishorn af verkum sem voru samin á síðustu misserum. „Verkin eru mennskar raflagnir og forritaðar hljóðhreyfingar. Flytjendur umbreytast í rafala og framleiða hljóð eða önnur efni sem ferðast um margvídda leiðslur. Teikningar, skór og Youtube myndbönd eru flytjendur og hljóðfæri í bland við önnur efni rýmisins.“ Húsið verður opnað klukkan 20.30. Miðaverð er 2.000 krónur.

Tónleikum á KEX



Hljómsveitirnar **Andy Svarthol** og **Skoffin** munu leiða saman hesta sína á **KEX Hostel** í kvöld, föstudaginn 14. júní. Báðar sveitir sendu nýverið frá sér plötur. **Andy Svarthol** gaf út plötuna **Mörur** en tónlist sveitarinnar einkennist af metnaðarfullum lagasmíðum, kaotískum útsetningum og sam-söng bræðranna. **Skoffin**, sem spilar hressilegt rokk og ról með vissum skírskotunum í pönk og síð-pönk, sendi frá sér **Skoffin** bjargar heiminum. Tónleikarnir hefjast upp úr 20.30. Enginn aðgangseyrir.

Rokkveisla á Hard Rock



Foreign Monkeys, KUL og **Blíðmör** halda sameiginlega tónleika á **Hard Rock** annað kvöld, laugardagskvöldið 15. júní klukkan 22. Lofað er kraftmiklum tónleikum og því ljóst að rokkið lifir góðu lífi á Íslandi. Miða er hægt að nálgast á Tix.is. Húsið verður opnað klukkan 21.

Ambient í Mengi



Sannkölluð Ambient-stemning verður í **Mengi** á sunnudag, þann 16. júní en þá koma fram: **Arnljótur Sigurðsson, Daniel Friðrik Böðvarsson** og **Ciche Nagrania / Zofia**. Tónleikarnir verða mikið sjónarspil en listræn stjórnun verður í höndum **Dominika Ozarowska**. Ókeypis er inn á tónleikana sem hefjast klukkan 20.



SVO MIKLU, MIKLU MEIRA Á ALBUMM.IS



Tónlist / Menning / Viðburðir / TV

Bowers & Wilkins  FORMATION

EINSTÖK HLJÓMGÆÐI

Kíktu við í dag á Laugaveg 182 og upplifðu einstaka eiginleika **Bowers & Wilkins** hátalaranna.

Léttar veitingar í boði.



Formation Duo

Hátalarar í heimsklassa hvað hljómgæði varðar.

96/24-bitu hágæða þráðlaust streymi.

Sérþöntun



Formation Bass

Hágæða bassabox.

Tvær bassakeilur og tengist auðveldlega við Formation hátalara.



Formation Bar

Hágæða „soundbar“ undir sjónvarpið. Hægt að tengja Formation Bass við.



Formation Wedge

Hágæða 120 gráðu stereó hátalari.

96/24-bitu hágæða þráðlaust streymi.



Formation Audio

Tengdu núverandi hljóðkerfi og græjur við nýju Formation hátalaralínuna frá Bowers & Wilkins.

Sérþöntun

EPLI

Laugavegi 182 og Smáralind · Sími 512 1300 · epli.is



Safna ryki og sýna í Bankastræti

Listamennirnir Kristinn Arnar Sigurðsson og Högnna Jónsdóttir standa fyrir vægast sagt óvenju-
legri sýningu í Núllinu galleríi, Bankastræti 0, en þar munu þau sýna portrettm myndir sem eru
unnar úr ryki frá heimilum fólks.

Texti / Roald Eyvindsson Mynd / Úr einkasafni

„Horfði á húsið okkar brennt til grunna“

Umsjón / Roald Eyvindsson

Ágúst Borgþór Sverrissoner að vinna að nýrri skáldsögu, en segir að tími sinn fari að mestu í skrif á DV. Hér ljóstrar hann upp fimm áhugaverðum staðreyndum um sjálfan sig.

1 „Ég er með stórt ör á tungunni. Það er til komið vegna slyss sem ég varð fyrir kornungur, svo ungur að ég man ekki eftir því, en ég mun hafa fallið á stéttina fyrir utan húsið heima. Eðlilega leiði ég nánast aldrei hugann að þessu en örð kemur upp í hugann þegar ég er beðinn um að segja frá fimm staðreyndum um sjálfan mig.“

2 „Ég keyri ekki bíl. Bróðir minn skikkaði mig í ökunám þegar ég var 18 ára. Eftir marga tíma féll ég á fyrsta verklega prófinu af því að ég fór yfir á rauðu beygjuljósi. Í annað sinn féll ég af því ég gerði allt vitlaust. Í þriðja sinn náði ég prófinu en endurnýjaði aldrei skírteinið vegna slóðaskapar og áhugaleysis.“

3 „Á afmæli sama dag og Geirfinnur hvarf, 19. nóvember. Skuggalegur dagur. Kvöldið sem hann hvarf var afmælisveisla heima.“

4 „Í æsku bjó ég í húsi sem heitir Eiði og var staðsett þar sem Eiðistorg er núna. Tæplega 18 ára flutti ég upp á Skólavörðustíg. En ég gerði mér ferð vestur eftir og horfði á húsið brennt til grunna, til að rýma fyrir nýbyggingum.“

5 „Er nokkuð sleipur í þýsku þar sem ég bjó í Þýskalandi tvo vetur eftir stúdentspróf og tók síðan að rifja upp kunnáttuna og halda henni við á seinni árum. Get hins vegar ekki bjargað mér á dönsku. Ef ég reyni kemur bara þýska út úr mér.“



Við köllum þetta abstrakt portrett myndir af því að ryk er að hluta til leifar af fólki, húðflögur og hár, þræðir úr fötum og þess háttar. Þess vegna má segja að þetta séu myndir af því,“ lýsir Kristinn og bætir við að hugmyndin á bakvið sýninguna sé að skoða manneskjuna í gegnum ryk. Skoða hvað ryk fólks eigi sameiginlegt og hvað geri ryk þess einstakt.

Hann segir að myndirnar séu unnar úr ryki frá heimilum fólks úr ólíkum áttum, allt frá iðnaðarmönnum upp í stöðumælaverði. Upphaflega hafi þau Högnna ætlað að safna rykinu saman með því að fara inn á heimili fólks og ryksuga en fólki hafi nú fundist það aðeins of mikið af því góða. „Lendingin var því sú að það ryksugaði bara sjálft og við fengjum svo að sækja pokana. Ótrúlega margir eru reyndar með svona hreinsiróbóta heima hjá sér í staðinn fyrir ryksugur og það hefur orðið til þess að við mætum bara heim til fólks með poka eða dósir og það fyllir á sjálft,“ segir Kristinn og viðurkennir fúslega að ferlið í kringum þetta sé búið að vera svolítið spaugilegt. „Já já, segir það sig sjálft að það hefur verið svolítið kómískt að standa í þessu.“

En finnst fólki bara ekkert mál að taka þátt í þessu? „Nei alls ekki. Sumum finnst þetta auðvitað svolítið óvanalegt og skrítið og skilur ekki alveg hvernig þetta komi til með að líta út. En hingað til hefur enginn sagt nei við þessu. Allir hafa tekið vel í þetta og samþykkt að vera með. Enda ekki eins og fólk sé að láta einhver verðmæti af hendi. Ryk er frekar eitthvað sem flestir vilja gefins hendi losna við.“



Högnna Jónsdóttir og Kristinn Arnar Sigurðsson verða með óvenjulega sýningu í Núllinu galleríi.

Vinna verkin fram á síðustu stundu

Að safna ryki er fyrsta sýning sem Kristinn og Högnna halda saman, en þau eru bæði myndlistarmenn og hafa í gegnum tíðina fengist við ýmis konar list. Þannig hefur Högnna til að mynda hannað og framleitt

skartgripni ásamt því að hafa tekið þátt í samsýningum hér heima og erlendis á meðan Kristinn hefur tekið þátt í sýningum og tónlistarútgáfu og unnið við bæði leikstjórn og leikmyndahönnun. Þrátt fyrir að hafa að mörgu leyti fetað ólíkar leiðir í listsköpun sinni eiga þau sameiginlegt að hafa unnið með

hluti sem eru þegar til og sett þá í nýtt samhengi. Því má segja að sýningin Að safna ryki, sé rökrétt framhald af því sem þau hafa verið að gera hingað til.



„Sumum finnst þetta auðvitað svolítið óvanalegt og skrítið og skilur ekki alveg hvernig þetta komi til með að líta út. En hingað til hefur enginn sagt nei.“

Sýningin verður opnuð í Núllinu galleríi á sunnudag og reiknar Kristinn með að þau Högnna verði að vinna verkin fram að því. Hann játar að það sé svolítið stressandi að vera að vinna að sýningunni svona alveg fram á síðustu stundu en hefur þó ekki ýkja miklar áhyggjur af því að það náist þar sem vinnsla verkanna sé tiltölulega einföld. „Um leið og rykið er afhent „steypum“ við það inn í glært sílfkon, sem er ekki flókið tæknilega séð. Auk þess erum við Högnna bæði vön því að vinna með mót og mótagerð sem auðveldar verkið. Það hefur eiginlega meiri vinna farið í allt stússið í kringum sýninguna en sjálf verkin, að vekja athygli á henni og svona,“ segir hann og brosir.

En hvað stendur sýningin yfir lengi? „Hún verður opnuð núna á sunnudagskvöld, verður opin 17. júní og alveg til 20. júní. Það er því bara um að gera að mæta í Bankastrætið. Allir velkomnir, það verður heitt á könnunni.“

Bækur

Umsjón / Roald Eyvindsson

Skrifar um dauðann út frá sjónarhorni barnsins

Miðstöð Íslenskra bókmennta veitti nýlega Auði Stefánsdóttur nýræktarstyrk fyrir verk hennar í gegnum þokuna, en nýræktarstyrkir eru veittir árlega vegna skáldverka höfundar sem eru að stíga sín fyrstu skref á ritvælinum og eru hugsaðir sem hvatning til frekari dáða á þeirri braut.

■ Í samtali við Mannlíf segist Auður vera himinlifandi en játar að hún hafi ekki endilega búist við þessu. „Það voru auðvitað margar umsóknir og margt hæfileikaríkt fólk sem er að skrifa þannig að ég get ekki sagt að ég hafi gert það, nei. En þetta er mikil viðurkenning og ómetanleg hvatning og bendir til að ég sé að gera eitthvað rétt,“ segir hún glöð.

Í umsögn bókmenntaráðgjafa um verkið segir að sagan sé fantasíubók fyrir börn um baráttu góðs og ílls, dauðann og lífið. Sjálf segir Auður að sagan snúist um 10 ára stúlku í Reykjavík sem kljafir við dauða tvíbúrasystur sinnar og fer í kjölfarið yfir í annan heim, þar sem baráttu góðs og

ílls á sér stað, en hugmyndina sækir hún úr eigin lífi. „Á undanförunum árum hef ég horft upp á fólk nákomnið mér missa ung börn, síðast góða vinkonu mína sem misst aðra tvíbura dóttur sína barnunga að aldri og þótt þessi saga byggji ekki beinlínis á því þá var það kveikjan að henni.“

Er þetta fyrsta bókinn þín? „Ja, ég hef nú verið að skrifa frá því að ég var krakki. Var til dæmis staðráðin í að gefa út mína fyrstu bók þegar ég var ellefu ára, svona spæjarasögu í anda Nancy Drew-bókanna en það varð ekkert af því og kannski sem betur fer,“ segir hún og hlær. „Síðan vann ég einu sinni til verðlauna í smásagnakeppni Mímis, félags íslensku-

nema við HÍ. Annars hef ég verið hálfgert skúffuskáld, þar til nú.“

Auður er íslenskukennari í framhaldsskóla og er í meistaranámi í ritlist við Háskóla Íslands með fram kennslu, en hún segir námið einmitt hafa orðið til þess að hún kláraði fyrsta uppkastið að sögu sinni í vetur. „Námið hefur verið mér mikil hvatning. Það hefur líka kennt mér að skrifa skipulega, vera ekki að bíða eftir að andinn komi yfir mig, heldur koma skrifunum upp í rútínu. Maður þarf auðvitað að vera skipulagður og nýta tímann vel þegar maður er líka í vinnu og námi. Þannig að það hefur nýst mér mjög vel.“

Hvænær stefnirðu á að gefa söguna út? „Ég vonast til að gefa hana út fyrir júl, svona ef allt gengur að óskum.“

Auður Stefánsdóttir.



Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlar - fyrir þarmaflóruna og varnir líkamans!



„Uppþemba, vindgangur, niðurgangur og/eða hægðatregða er ekki eðlilegt ástand til langs tíma og getur verið merki um ójafnvægi í þarmaflóru okkar. Ég mæli með Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlum.“
- Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti

abel heilsuvörur
www.abelheilsuvorur.is

10-40%
AFSLÁTTUR

Einingarsófar á tilboði

20%
afsláttur af
sérpöntunum

ETHNICRAFT - N701 SÓFAEININGAR
HEILDARSTÆRÐ: 301 X 231 CM
VERÐ: 585.000,-
TILBOÐSVERÐ: 468.000,-

ETHNICRAFT - N701 SKEMILL
VERÐ: 69.000,-
TILBOÐSVERÐ: 55.000,-

habitat 



TEKK COMPANY OG HABITAT
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-FÖS 10-18
LAU 11-17 OG SUN 13-17
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

Síðast en ekki síst

Eftir / Steinunni Stefánsdóttur

Börn með rósir

■ Síðustu daga og vikur hafa börnin okkar verið að útskrifast. Þau hafa ekki bara orðið stúdentar og lokið grunnskóla. Þau hafa lokið leikskóla og bekk í grunnskóla. Á samfélagsmiðlum birtast þessi börn (og ungmenni) með hvítar húfur, kórónur og fönndruð höfuðföt, eða bara með rós í höndum og yfirleitt í sparifötum. Foreldrarir fagna með börnum sínum og eru stoltir af þeim.

Börn samtímans alast að mörgu leyti upp í hörðum heimi. Hraðinn er mikill, oft á kostnað barnanna, og líklega hefur framtíð barna og ungs fólks sjaldan verið flóknari en nú, að mörgu leyti auðvitað flóknari á góðan hátt en líka á erfiðan máta. Þessi pistill er samt ekki um það.

Efni þessa pistils eru nefnilega þessar útskriftir og skilaboðin sem þær senda. Það eru ekki sérlega mörg ár síðan fermingar og stúdentsútskriftir voru taldar þau tímamót í lífi ungmenna sem tæki því að halda upp á. Fjölskyldur fögnuðu ekki lokum leikskóla eða grunnskóla en unglingarnir sjálfir sáu vissulega um að halda upp á grunnskólalok, stundum uppbyggilega og skemmtilega en stundum ekki. Það eru heldur ekki svo margir áratugir síðan að ekki þótti viðeigandi að hrósa börnum nema kannski helst fyrir að vera þæg og láta lítið fyrir sér fara – og svo standa sig í skóla. Þetta hefur sem betur fer breyst og það að halda litla viðhöfn í tengslum við áfanga í námi er birtingarmynd þess að nú er borin meiri virðing fyrir börnum en áður.

Skilaboðin sem börnum og ungmennum dagsins í dag eru send með útskriftunum, sparifötunum, kórónunum og rósunum eru að þau skipta máli. Líf þeirra og verkefni skipta fjölskyldur þeirra og samfélagið máli. Með því að senda börnum þessi skilaboð af heilum hug held ég að við aukum færni þeirra til þess að taka á móti þeim flóknu verkefnum sem framtíðin á eftir að færa þeim.



KRONAN

GRILLJÓN
ástæður til að grilla

ÁSTÆÐA
2

... því það er bongó

www.kronan.is



66north.is